# FRÉTTABLAÐIÐ

237. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 11. OKTÓBER 2019




Landhernaður Tyrkja er hafinn í Kúrdahéröðum Sýrlands og mannfall eykst með hverjum klukkutímanum. Sýrlenski stjórnarherinn er kominn á svæðið austan við ána Euphrates í Norður-Sýrlandi til að taka þátt í hernaði Tyrkja gegn stuðningssveitum Kúrda. Sprengjum var beint að fangelsum sem vista hryðjuverkamenn ISIS í gær. Sjá síðu 10 NORDICPHOTOS/GETTY

# Skoða milljarðatuga fjármögnun Blæs

**Fjármögnun húsnæðisfélagsins Blæs, sem er í eigu ASÍ og BSRB, er nú á teikniborðinu. Formaður VR segir verkefnið hlaupa á tugum milljarða og sér fyrir sér að félagið geti farið í átak í húsnæðismálum eldra fólks. Leitað sé til aðila sem hafi þolinmótt fjármagn.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við erum að reyna að leysa stærsta vandann sem er fjármögnun Blæs. Við erum nú að teikna upp möguleikana sem við sjáum fyrir okkur varðandi fjármögnun til lengri tíma,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um húsnæðisfélagið Blæ sem nú er reynt að koma í gang.

ASÍ og BSRB stofnuðu Blæ til hliðar við húsnæðisfélagið Bjarg sem er óhagnaðardrifið félag sem ætlað er að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að öruggu húsnæði í langtímaleigu. Blær átti að vera almennara félag sem væri ekki bundið sömu kvöðum og Bjarg um hvað mætti byggja og fyrir hvern.

> Svona verkefni þarf að hlaupa á tugum milljarða.
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Ragnar Þór segir ljóst að Blær verði að geta komið mjög sterkt inn á markaðinn til að leysa úr þeim mikla vanda sem sé á húsnæðismarkaði. „Svona verkefni þarf að hlaupa á tugum milljarða. Við leitum auðvitað til þeirra aðila sem hafa þolinmótt fjármagn, eins og lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður.“

Nú sé verið að kynna verkefnið fyrir ríkisstjórninni og lífeyrissjóðum. „Auðvitað er ekkert í hendi og við vitum ekki hvernig þetta mun ganga en ég vona svo sannarlega að þetta taki ekki of langan tíma.“

Dagskipunin hjá sér og þeim sem staðið hafi að lífskjarasamningnum sé að fylgja því risastóra verkefni eftir og þar leggur Ragnar Þór mikla áherslu á húsnæðismálin. „Þetta er ákall til lífeyrissjóða, stjórnvalda, Íbúðalánasjóðs og allra þeirra sem vettlingi geta valdið í þessu að koma að þessu með jákvæðum hætti. Ekki fara að spá í því hver á hugmyndina eða hver er í hvaða liði.“

Ragnar Þór bendir á að hjá Íbúðalánasjóði liggi á þriðja hundrað milljarða óráðstafaðir og að eignir lífeyrissjóðanna séu um 4.700 milljarðar. „Þótt svona verkefni sé dýrt eigi að gera þetta af myndarskap, eru þetta smáaurar í stóra samhenginu. Það væri lítill hluti fjárfestingargetu sjóðanna sem færi í slíka uppbyggingu á ári, kannski sjö til átta milljarðar.“

Ragnar Þór segir að Blær muni geta farið í átak fyrir þá hópa sem séu í mesta vandanum hverju sinni eins og eldra fólk er nú. „Það þarf að vera gríðarleg innspýting fyrir eldra fólk því staða þess á húsnæðismarkaði í dag er grafalvarleg.“ **– sar**

# Heimsmeistararnir mæta

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir heimsmeisturum Frakka á Laugardalsvelli klukkan 18.45 í kvöld í undankeppni EM 2020. Erik Hamrén og Freyr Alexandersson þurfa að finna staðgengil fyrir fyrirliðann Aron Einar Gunnarsson sem er fjarri góðu gamni vegna meiðsla.

Didier Deschamps, þjálfari Frakka, bar fyrirliðabandið síðast þegar þeir spiluðu á Íslandi en það var í 1-1 jafnteflisleik 1998 en þá voru Frakkar enn ríkjandi heimsmeistarar. „Ég held að fæstir leikmennirnir muni eftir því síðast þegar Frakkar heimsóttu Ísland, flestir þeirra voru bara börn þó að ég muni vel eftir leiknum,“ sagði Deschamps á blaðamannafundi í gær.



Rafael Varane, fyrirliði Frakka, segist ekki vanmeta íslenska liðið. „Íslendingar hafa verið erfiðir viðureignar á heimavelli og við megum búast við erfiðum leik,“ sagði Varane.

Fyrir leikinn eru Frakkar og Tyrkir efstir í riðlinum með 15 stig en Ísland kemur næst með 12. Tyrkir mæta Albönum í kvöld en Albanir hafa 9 stig eftir sigurinn á Íslandi í síðasta mánuði. **– kpt, ho /** **sjá síðu 16**




## Veður




Norðaustan 8-13 í dag, en hægari í kvöld. Dálítil rigning eða slydda N- og A-lands, en bjart veður sunnan heiða. Hiti 1 til 10 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 20



**Vilji er til að breyta torginu fyrir framan Samsung-völlinn og félagsheimili Stjörnunnar í götubitamarkað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stjarnan vill götubitatorg í Garðabæ

**VIÐSKIPTI** Íþróttafélagið Stjarnan í Garðabæ óskar eftir því við bæjaryfirvöld að torgi við félagssvæðið verði breytt í anda streetfood-matarmenningarinnar.

„Með þessu gæfist tækifæri á að auðga enn fremur bæjarlífið og vettvangur kominn þar sem Stjarnan gæti staðið fyrir ýmsum tækifærisviðburðum sem allir bæjarbúar gætu notið. Enn fremur væri hægt að vera með sölu á varningi félagsins og hollum mat, til dæmis skyrbar alla daga, sem myndi nýtast iðkendum og öðrum gestum Ásgarðssvæðisins vel,“ segir í erindi frá Ásu Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Stjörnunnar.

Að því er fram kemur í bréfi Ásu hefur verið vel tekið í hugmyndina af formanni íþrótta- og tómstundaráðs bæjarins, íþróttafulltrúa og forstöðumanni fræðslumála.

„Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er á bilinu 15 til 20 milljónir, en Stjarnan hefur einnig áhuga á að fá styrktaraðila í lið mér sér við framkvæmdina,“ segir í bréfinu sem bæjarráð Garðabæjar vísaði til kynningar í íþrótta- og tómstundaráði og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir næsta ár. **– gar**

## Hlaupa úr sér hrollinn



**Það var kalt í Laugardalnum í gær þegar bestu fótboltakappar Frakklands æfðu sig fyrir viðureign við landslið Íslands í undankeppni EM 2020 sem fer fram á Laugardalsvelli í kvöld. Antoine Griezmann var kappklæddur en verður eflaust búinn að ná úr sér hrollinum þegar flautað verður til leiks klukkan 18.45 í kvöld. Frakkar eru á toppi riðilsins ásamt Tyrkjum fyrir þessa umferð, en Ísland er í þriðja sæti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Thomas fluttur til Danmerkur

**FANGELSISMÁL** Thomas Møller Olsen, sem var dæmdur í nítján ára fangelsi fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og fyrir fíkniefnasmygl, mun afplána dóm sinn í Danmörku. Hann var fluttur til Danmerkur á fimmtudag fyrir viku eftir að dönsk yfirvöld féllust á að taka við honum. Björgvin Jónsson, lögmaður Thomasar Møller, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið.

Dómþolar eru oft fluttir til heimalanda sinna í afplánun þegar um er að ræða Norðurlandabúa vegna samninga milli þjóðanna. Ríkin viðurkenna dóma hvert annars og er samstarfinu ætlað að tryggja að refsidómar fylgi dómþola, flytji hann á milli Norðurlandanna. **– ilk**



**Thomas Møller Olsen.**

# Afturkalla leyfi vegna stíflu Neyðarlínunnar

**Skútustaðahreppur segir stíflu Neyðarlínunnar í Drekagili sjöfalt lengri en leyfi var fyrir og afturkallar leyfið. Framkoma framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar sögð ósæmandi. Stjórn Neyðarlínunnar harmar hnökra á samskiptum.**

**SKIPULAGSMÁL** Neyðarlínan ohf. fékk í október í fyrra heimild frá Skútustaðahreppi og forsætisráðuneytinu til byggja „litla heimarafstöð“ í Drekagili við Öskju.

Eftir ábendingu fóru fulltrúar hreppsins á staðinn og kom þá í ljós að stífla sem átti að vera 1,5 metrar er tæpir ellefu metrar. Frá lóninu sem hefur myndast er síðan 300 metra fallpípa að fyrirhuguðu stöðvarhúsi um 600 metra frá skálum á svæðinu. Rafstöðin á að þjóna fjarskiptasendi á Vaðöldu og ferðaþjónustuskálum.

„Í vettvangsskoðun kom í ljós að búið er að stífla lækinn með 10,8 m breiðri stíflu sem er úr forsteyptum einingum með timburþili að hluta sem hægt er að fjarlægja,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi, í bréfi til stjórnar Neyðarlínunnar. „Ljóst þykir að þær framkvæmdir eru hvorki í samræmi við gildandi skipulag né þá framkvæmd sem sótt var um þann 24. október 2018,“ segir áfram í bréfinu þar sem kynnt er sú ákvörðun sveitarstjórnarinnar að stöðva framkvæmdina.

Þorsteinn gerir að sérstöku umtalsefni símtal skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps við Þórhall Ólafsson, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar, eftir vettvangsrannsóknina. „Voru formaður skipulagsnefndar og ráðsmaður áhaldahúss vitni að því símtali. Var framkoma framkvæmdastjórans honum lítt til sóma og reyndar með þeim hætti að hún sæmir ekki manni í hans stöðu. Er kvörtun vegna framkomu hans hér með komið á framfæri,“ segir í bréfinu.



**Stífla Neyðarlínunnar í Drekagili við Öskju er stærri en leyfið sagði til um.**

Spurð hvers vegna ekki hafi verið haft samráð við Skútustaðahrepps um breytingarnar segir stjórn Neyðarlínunnar þær hafa verið „smávægilegar og innan þess ramma sem gera má ráð fyrir“ eins og segir í svarinu. Samráð hefði þó mátt vera meira, segir stjórnin, og biðst velvirðingar á því.

„Stjórn Neyðarlínunnar harmar þá hnökra sem urðu á framkvæmd þessa þjóðþrifaverks og þá sérstaklega þá sem sneru að samskiptum við sveitarfélagið,“ segir stjórnin og stingur upp á því til þess að ná sátt við hreppinn fari fulltrúar beggja aðila auk fulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs á svæðið næsta sumar að skoða aðstæður.

„Í framhaldi leggi sveitarfélagið fram mögulegar kröfur um breytingar telji það ástæðu til,“ segir stjórnin sem kveður Neyðarlínuna munu annast þær úrbætur að viðstöddum fulltrúum allra aðila.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps segir þessi viðbrögð Neyðarlínunnar hins vegar ófullnægjandi og afturkallaði í fyrradag framkvæmdaleyfi fyrir rafstöðina. „Jafnframt verður óskað eftir afstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs og forsætisráðuneytis vegna þeirrar stöðu sem upp er komin.“

**gar@frettabladid.is**



**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi.**







**Líf- og sjúkdómatryggingar**

Til hvers að standa í biðröð þegar þú getur gengið frá líf- og sjúkdómatryggingum hvar og hvenær sem er á **vordur.is**. Eftir hverju ert þú að bíða?

**ÞÚ ERT NÚMER EITT Í RÖÐINNI**

vörður

# Sveitarstjórum norðurslóða tryggður sameiginlegur vettvangur

**SVEITARSTJÓRNIR** Borgar- og bæjarstjórar níu sveitarfélaga á norðurslóðum undirrituðu við hátíðlega athöfn á Akureyri í gær stofnskjal Arctic Mayors Forum og formfestu þar með samtal og samstarf sveitarstjórnarstigsins á norðurslóðum.

Óformlegt samtal sveitarstjórnarmanna á norðurslóðum hefur verið í gangi um nokkurt skeið og talað hefur verið fyrir mikilvægi þess að sveitarstjórnir, líkt og ríkisstjórnir á norðurslóðum, eigi sér stað til skrafs og ráðagerða.

> **Við teljum mikilvægt að við getum rætt saman um þær sameiginlegu áskoranir sem er að finna á norðurslóðum**
>
> Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri



Hér á landi hefur Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, unnið að því að formfesta þetta samtal við kollega sína. Hún segir afar mikilvægt að sveitarstjórnir geti rætt sín á milli um það sem skiptir íbúa á svæðinu máli.

„Við höfum orðið þess áskynja eftir samtal okkar að það er margt sem sameinar okkur. Við teljum mikilvægt að við getum rætt saman þær sameiginlegu áskoranir og tækifæri sem er að finna á norðurslóðum. Því skiptir þessi undirritun miklu máli og að til verði þessi vettvangur,“ segir Ásthildur.

Norðurskautsráðið hefur síðan árið 1996 verið vettvangur stjórnvalda á norðurslóðum til að ræða saman um sameiginleg málefni sem snerta svæðið.

Til þessa hefur hins vegar ekki verið til formfest samtal milli ríkjanna innan sveitarstjórnarstigsins.

Auk Ásthildar voru átta aðrir bæjar- og borgarstjórar samankomnir á Akureyri í gær, frá Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Kanada, Rússlandi og Bandaríkjunum. – **sa**

# Segjast ekki ásælast fé Reykjalundar

**Starfsmenn Reykjalundar lýsa yfir vantrausti á stjórn SÍBS og vilja að ráðherra grípi inn í stöðuna. Stjórnarformaður segir fjarstæðukennt að verið sé að ásælast fé Reykjalundar og skilur ekki hvers vegna verið sé að láta skoðanaágreining bitna á sjúklingum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru erfiðir tímar sem við erum að ganga í gegnum, nú er mikilvægt að við stöndum saman. Frumskylda starfsmanna samkvæmt lögum er að sinna sjúklingum þó okkur greini á í mörgum atriðum,“ segir Sveinn Guðmundsson, stjórnarformaður SÍBS.

Starfsmenn Reykjalundar, sem er í eigu SÍBS, lögðu niður störf í gærmorgun og voru sjúklingar í dagdeildarþjónustu sendir heim. Að loknum starfsmannafundi í hádeginu lögðu starfsmenn, 114 af rúmlega 200, fram vantraust á stjórn SÍBS. Magdalena Ásgeirsdóttir, formaður læknaráðs á Reykjalundi, segir þá vilja losna undan stjórn SÍBS. „Þetta er ófremdarástand hérna og bara stjórnunarkrísa sem rak okkur í þessar aðgerðir,“ segir Magdalena. „Okkur var svo stórkostlega misboðið og allir hreinlega í sorg.“

Birgi Gunnarssyni forstjóra var sagt upp fyrirvaralaust um mánaðamótin, algjör trúnaður ríkir um starfslokin. Viðmælendur Fréttablaðsins segja að starfsandinn hafi verið orðinn slæmur áður en Birgi var sagt upp.

Hádegisfundurinn í gær var stuttur. „Ég tilkynnti starfsmönnum á fundinum að verið væri að vinna í að auglýsa starf nýs forstjóra, það ferli tekur dálítinn tíma, en það verður bæði faglegt og gagnsætt,“ segir Sveinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sýður á læknum Reykjalundar eftir að Magnúsi Ólasyni var sagt upp sem framkvæmdastjóra lækninga á miðvikudaginn eftir 34 ára starf. Magnús segir að uppsögnin hafi verið fyrirvaralaus, hann hafi einungis átt nokkrar vikur í eftirlaun. Strax í kjölfar uppsagnarinnar var lokað á tölvuaðgang hans.




**Ófremdarástand ríkir á Reykjalundi að mati starfsmanna sem vilja ráðherra í málið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sveinn segir uppsögn Magnúsar ekkert tengjast stöðunni inni á Reykjalundi. „Við erum með ráðningarferli í gangi, við ræddum við Magnús og töldum réttast að segja honum upp. Hann er kominn á aldur. Það verður nýr framkvæmdastjóri lækninga kominn í hús mjög fljótt.“

Hann vísar því alfarið á bug að stofnunin sé óstarfhæf án framkvæmdastjóra lækninga. „Landlæknir hefur gefið út yfirlýsingu um að það eigi ekki að leggja niður störf.“

Varðandi uppsögn Birgis segir Sveinn hann hafa verið góðan stjórnanda. „En það var ágreiningur okkar á milli sem þurfti að leysa og var leystur með þessum hætti.“

Í bréfi sem starfsmenn sendu á Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra segir að stjórnin hafi sýnt „hranalega og ómanneskjulega framkomu“ sem skapi óvissu, óöryggi og vanlíðan sem geri stofnunina í raun óstarfhæfa. Þá sé það fyrirséð að ástandið muni „bitna harkalega á skjólstæðingum“. Nauðsynlegt sé að ráðherra grípi inn í stöðuna til að ekki verði varanlegur skaði. Heilbrigðisráðherra vildi ekki veita viðbrögð að svo stöddu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins íhuga nokkrir læknar að segja upp á næstunni.

> **Allt tal um að við séum að ásælast eitthvert fé innan stofnunarinnar er fráleitt. Við erum að leggja í þetta fjármuni. Þetta er bull.**
>
> Sveinn Guðmundsson, stjórnarformaður SÍBS



Sveinn segir ekkert hæft í því að SÍBS sé að horfa til þess að taka yfir rekstur Reykjalundar. „Það er svo fráleitt. Þetta er ekkert til að tala um. SÍBS á staðinn, en við erum ekki að reka staðinn. Við söfnum fjármagni í stórum stíl. Allt tal um að við séum að ásælast eitthvert fé innan stofnunarinnar er fráleitt. Við erum að leggja í þetta fjármuni. Þetta er bull.“

Hann segir það ótækt að leggja niður störf vegna skoðanaágreinings, það bitni eingöngu á sjúklingum. „Ég skil ekki af hverju læknar fara svona langt, ég bara skil það ekki,“ segir Sveinn. Það sé ekki hlutverk fagstétta, sem fá að stjórna sínu faglega starfi, að fara inn á svið rekstrar og fjármuna. „Lífið heldur áfram og við verðum að horfa til framtíðar með staðinn og tryggja þetta góða starf sem hér er.“

**arib@frettabladid.is**





# ENDURNÝTUM OG SAUMUM SJÁLF

PFAFF
1929–2019

## MÖGNUÐ 90 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ PFAFF

Saumadagar okkar hefjast **fimmtudaginn 10. október** með frábærum afmælistilboðum á saumavélum og 25% afslætti af fylgihlutum. Vélar fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

LAUGARDAGUR
OPIÐ FRÁ 11-16:

### SÝNIKENNSLA UM ALLA BÚÐ

Barnafatasaumur, bútasaumur, útsaumur og fatabreytingar. Sérfræðingur frá Brother kynnir ScanNcut og Brother saumavélar.

LAUGARDAGUR KL. 13.30:

### FATAHÖNNUÐIR GEFA INNSÝN

Örfyrirlestur með upprennandi fatahönnuðum sem gefa okkur innsýn og skemmtilegar hugmyndir um fatabreytingar. **Skráning á Facebook.**

### SAUMAVÉLASAFN

Antík saumavélasafn Pfaff verður opið frá fimmtudegi til laugardags milli kl. 14-16.

## 10 ÁRA GÖMUL VERÐ Á SAUMAVÉLUM!

**HUSQVARNA OPAL 670**
„Drottningin"



Verð áður 109.900 kr.
**Tilboð: 79.900 kr.**

**HUSQVARNA TOPAZ 50**
„Skapandi"



Verð áður 414.900 kr.
**Tilboð: 295.000 kr.**

**HUSKYLOCK S15**
„Galdravélin"



Verð áður 69.900 kr.
**Tilboð: 44.900 kr.**

**HUSQVARNA EMERALD 118**
„Trendsetterinn"



Verð áður 64.900 kr.
**Tilboð: 44.900 kr.**

**BROTHER F400**
„Vinnujálkur"



Verð áður 99.900 kr.
**Tilboð: 74.900 kr.**

**BROTHER NV10**
„Létt og lipur"



Verð áður 54.900 kr.
**Tilboð: 39.900 kr.**

**PFAFF EXPRESSION 710**
„Bóheminn"



Verð áður 179.900 kr.
**Tilboð: 139.900 kr.**

**BROTHER M280D**
„Disney útsaumsvél"



Verð áður 179.900 kr.
**Tilboð: 129.900 kr.**

Framúrskarandi fyrirtæki

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími: 414 0400 • www.pfaff.is

# Bæjarstjóri vill göng eftir sjö ár

**AUSTURLAND** „Fjarðarheiðargöng skipta gífurlegu máli fyrir íbúana á svæðinu, en þau skipta einnig miklu máli fyrir farþega- og vöruflutninga til og frá landinu um Seyðisfjörð. Það er mjög ánægjulegt að nú sé komin niðurstaða varðandi hvaða leið verður farin og hvernig hún verður áfangaskipt,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og formaður samstarfsnefndar sveitarfélaga á Austurlandi.



**Björn Ingimarsson.**

Göngin, sem verða á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar, verða lengstu göng á landinu, 13,5 kílómetrar. Í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar samgönguráðherra við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að í drögum að samgönguáætlun sé gert ráð fyrir fjármagni til að klára undirbúning ganganna.

Hönnunarferli tekur rúm tvö ár og bindur Björn vonir við að þau verði tilbúin eftir sjö ár. Í skýrslu starfshóps um gangakosti á Austurlandi er verðmiðinn sagður um 34 milljarðar.

„Það er mikilvægt að halda áfram og skapa hringtengingu milli fjarða, þá erum við ekki bara að tala um göng undir Fjarðarheiði heldur einnig tengingu yfir í Mjóafjörð og þaðan yfir í Norðfjörð,“ segir Björn. Alls myndu öll þrenn göngin kosta samtals 64 milljarða króna. **– ab**

## Norðurslóðamenning í Hörpu



**Alþjóðlega norðurslóðaráðstefnan Artic Circle var sett í Hörpu í gær. Um tvö þúsund stjórnmálamenn, vísindamenn, forystumenn í náttúruvernd og atvinnulífi á norðurslóðum frá yfir sextíu löndum sækja ráðstefnuna. Þetta er í sjöunda sinn sem ráðstefnan er haldin hér á landi. Tilgangur hennar er að skapa þverfaglegan samræðuvettvang um málefni norðurslóða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS




# Segja lokunina hneisu og svik við hestamenn

**Reiðleiðinni milli Akureyrar og Þingeyjarsýslu hefur verið lokað og ekki er hægt að komast leiðar sinnar ríðandi nema um þjóðveg 1. Telja hestamenn þetta hina mestu hneisu og segja bæjaryfirvöld á Akureyri hafa svikið sig.**

**SAMGÖNGUMÁL** Hestamenn á Akureyri eru ósáttir við að reiðleiðinni frá Akureyri yfir Eyjafjarðará hafi verið lokað vegna uppbyggingar á Akureyrarflugvelli. Uppsetning ILS-aðflugsbúnaðar við völlinn olli því að leiðinni yfir gömlu brýrnar sunnan við flugvöllinn var lokað nú í byrjun september. Hestamenn vilja fá nýja leið yfir ána til að komast leiðar sinnar um Eyjafjörð og yfir í Þingeyjarsýslur.

„Við erum að vinna í þessu máli með Léttismönnum og höfum verið að leita leiða til að leysa málið. Við höfum í því sambandi rætt við Vegagerðina, Landsnet og Isavia til að skoða leiðir, hvort hægt sé að gera þetta í sameiningu. Akureyrarbær hefur ekki verið til í að gera þetta einn og sér,“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.

Gamla leiðin yfir Eyjafjarðará lendir inni á öryggissvæði flugvallarins eftir að aðflugsbúnaðurinn hefur verið settur upp. Búnaðurinn er liður í því að auka millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Hestamenn eru ósáttir við að reiðleið þeirra hverfi með þessari ráðstöfun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vill Akureyrarbær setja um 50 milljónir króna í verkið en ljóst er að kostnaðurinn hljóðar upp á rúmar 150 milljónir. Isavia neitar hins vegar að taka þátt í kostnaðinum.

„Akureyrarflugvöllur er í eigu ríkisins. Hann er rekinn af Isavia á grundvelli þjónustusamnings við hið opinbera og þar eru engar fjárveitingar til brúarsmíði til staðar,“



**Brúin yfir Eyjafjarðará sem sést vinstra megin á myndinni hefur verið aflögð þar sem hún er á öryggissvæði flugvallarins.** MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

> Við viljum ekki vera þeir einu sem höldum á þessu verkefni.



Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia

„Þetta er nokkuð dýr framkvæmd að byggja nýja brú yfir ána. Sú brú sem var áður notuð var í eigu Vegagerðarinnar og hefur verið nýtt sem reiðleið. Nú liggur hins vegar fyrir að það þurfi að bregðast við stöðunni og við viljum ekki vera þeir einu sem höldum á þessu verkefni,“ segir Guðmundur Baldvin.

Ljóst hefur verið um langan tíma að þessi reiðleið yrði að fara vegna uppbyggingar á flugvellinum. Hestamenn hafa ekki náð að nýta tímann til þess að tryggja reiðleið milli Akureyrar og Þingeyjarsýslna á þessum tíma. Strax eftir áramót mun þetta því hafa mikil áhrif á hestamennsku á Akureyri.

**sveinn@frettabladid.is**




# Við hringborð

Þúsundir eru samankomnar við Hringborð norðurslóða en þetta er í sjöunda sinn sem ráðstefnan fer fram í Hörpu. Prinsessur, forsetar, virtustu vísindamenn og vitringar ræða framtíð norðurslóða um helgina.









FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# NÝTT OG SPENNANDI!




**Tími til að tengja**
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Gauksins gal**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




**Núvitund í dagsins önn**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 3.999.-




**Mátturinn í núinu**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




**Kjarval - málarinn sem fór sínar eigin leiðir**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.499.-




**Kindasögur**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.799.-




**Urðarköttur**
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Dýrbítar**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-




**Valur eignast systkini**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




**Leitið og finnið - Hvolpasveitin**
**TILBOÐSVERÐ: 2.599.-**
Verð áður: 2.999.-




**Aðferðir til að lifa af**
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Hugvillingur**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-

Café
LAUGAVEGI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
AUSTURSTRÆTI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJAR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 14. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Gríðarlegur samdráttur í laxveiðinni í ár

**LAXVEIÐI** Fjöldi laxa sem veiddist á stöng í sumar var sá minnsti frá árinu 2000 og sjöundi minnsti frá 1974. Þetta sýna bráðabirgðatölur sem Hafrannsóknastofnun birti í gær.

**Ekki hafa veiðst færri laxar á stöng frá árinu 2000.**

Alls voru veiddir um 28.800 laxar og var samdrátturinn mestur á vestanverðu landinu. Á síðasta ári veiddust til samanburðar um 45.300 laxar. Tekið skal fram að í einhverjum ám mun veiði standa til loka október. Þar er um að ræða ár þar sem uppistaðan er lax úr sleppingum gönguseiða.

Ef veiði í hafbeitarám er undanskilin og leiðrétt er fyrir áhrifum „veiða og sleppa“ voru veiddir tæplega 20 þúsund laxar. Miðað við sömu forsendur þeir ekki verið færri frá því að skráningar hófust árið 1974. – sar

## ASÍ leggst gegn lækkun erfðafjárskatts

**EFNAHAGSMÁL** Alþýðusamband Íslands leggst gegn fyrirhuguðu frumvarpi Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um þrepaskiptingu og lækkun erfðafjárskatts. BSRB hefur einnig lagst gegn frumvarpinu.



Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ.

Í umsögn um frumvarpið segir Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, að sambandið telji erfðafjárskatt skilvirka og réttláta leið til tekjuöflunar ríkissjóðs. En samkvæmt frumvarpinu yrði ríkissjóður af tveimur milljörðum árlega. Einnig að hann vinni gegn ójöfnuði og óæskilegri auðsöfnun á milli kynslóða.

„Þá árétta ASÍ afstöðu sína um að þegar hafi verið of hart gengið fram í að rýra tekjustofna ríkisins og rekstur ríkissjóðs er samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga í járnum á komandi ári,“ segir Henný. – khg

# Íbúar flytja inn í Gerplustræti einu og hálfu ári á eftir áætlun

**Fólk sem keypti íbúðir í Gerplustræti 2-4 í byrjun árs 2018 getur loks flutt inn á næstunni. Afhenda átti í apríl í fyrra. Röð óheppilegra atvika hefur valdið verulegum töfum. Að verkinu kemur fjölbreyttur hópur hluthafa og lánardrottna, þar á meðal fyrrverandi bankastjóri, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu og þekktur fjölmiðlamaður.**



Verkið er loks að klárast og kaupendur geta flutt inn, átján mánuðum of seint. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**VIÐSKIPTI** Í Gerplustræti 2-4 eru 32 íbúðir í tveimur stigagöngum. Íbúðirnar voru auglýstar til sölu í byrjun árs 2018 og átti afhendingartími að vera í apríl sama ár. Sú afhending hefur dregist í rúma 18 mánuði. Fyrirtækið sem byggði húsið heitir Gerplustræti 2-4 ehf. og er í eigu fjölmargra aðila í gegnum fyrirtækið Burð Invest.

Stærsti eigandinn er Orri Guðmundsson lögmaður með 49 prósenta hlut en síðan er hópur fjárfesta með minni hluti. Þar á meðal knattspyrnukapparnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir og Gylfi Einarsson. Þá á fjölmiðlamaðurinn Ásgeir Kolbeinsson einnig hlut í fyrirtækinu. Ásgeir tók nýlega sæti í stjórn þess en hann er sem stendur eini stjórnarmaðurinn.

„Þetta verkefni var komið í veruleg vandræði og því var skipt um aðila í brúnni til þess að bjarga því sem bjargað varð,“ segir Ásgeir. Hann segist ánægður með að verkefnið sé þó að klárast miðað við stöðuna sem upp var komin en harmar það tjón sem orðið hefur. „Það hafa margir orðið fyrir tjóni, einstaklingar, fjárfestar og lánardrottnar, og það er auðvitað mjög leiðinlegt. Við leggjum allt kapp á að klára verkefnið sómasamlega og lágmarka tjónið fyrir alla hlutaðeigandi,“ segir Ásgeir.

**Að mínu mati er ábyrgð bankans mikil. Eftirlitsmaður þeirra kvittaði upp á framvindu verksins og síðan var lánað út í samræmi við það.**

Sturla Sighvatsson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri Heimavalla, var í forsvari fyrir verkið

Stærstu lánardrottnar verkefnisins eru Arion banki með rúmlega 680 milljóna króna lán á 1. veðrétti eignarinnar, Arctic Capital með 150 milljóna króna lán á 2. veðrétti og félagið Leiguafl slhf. sem er í eigu Kristrúnar S. Þorsteinsdóttur, eiginkonu Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans. Ólíklegt verður að teljast að síðari veðhafar fái kröfur sínar greiddar að fullu.

Sá sem var í forsvari fyrir verkefnið var athafnamaðurinn Sturla Sighvatsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Heimavalla, sem sat í stjórn Burðar Invest ásamt bróður sínum, Kára Sighvatssyni. Sturla segir að verkefnið hafi farið í uppnám þegar verktakafyrirtækið sem stóð að uppbyggingunni hafi orðið gjaldþrota. Þá segir hann að ábyrgð Arion banka sé mikil því lánað hafi verið til verksins í takt við framvindu sem reyndist vera skemur á veg komin en verktakinn gaf upp. „Þegar styttist í verklok boðaði verktakinn til fundar og sagðist þurfa að hækka verðið. Það setti allt verkefnið eðlilega í uppnám enda vorum við búnir að festa söluverð íbúðanna,“ segir Sturla.

Að endingu varð verktakinn gjaldþrota. Þá hafi komið í ljós að verkefnið var skemur á veg komið en áætlanir gerðu ráð fyrir. „Að mínu mati er ábyrgð bankans mikil. Eftirlitsmaður þeirra kvittaði upp á framvindu verksins og síðan var lánað út í samræmi við það,“ segir Sturla sem þó efast um að hægt verði að sækja bankann til saka vegna þessa. „Slíkt hefur verið reynt í sambærilegum málum en ekki gengið,“ segir hann.

Þó að bygging fjölbýlishússins sé að klárast er ljóst að mikið verk er fyrir höndum í að sætta deiluaðila.



Sturla Sighvatsson.

„Við höfum lent í miklum kostnaði og vandræðum vegna þessara vanefnda. Það er sárt að borga fasteignagjöld fyrir eign sem er óíbúðarhæf,“ segir Sveinn Fannar Brynjarsson, einn þeirra sem keyptu íbúð í húsinu.

Hann segist ætla að leita réttar síns með aðstoð lögfræðings og hann telur að það sama gildi um flesta aðra kaupendur íbúða í húsinu. „Það var erfitt að fá skýr svör frá Sturlu og maður gat ekki treyst þeim svörum sem bárust,“ segir Sveinn.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins að aðrir hluthafar íhugi málsókn gegn Sturlu vegna verkefnisins. Hann hafi lofað þeim gulli og grænum skógum en þeir setið uppi með dúfnaskít.

bjornth@frettabladid.is

BÍLAÚTSALA

AKRALIND 3
S: 4162120

Opið virka daga
kl. 10:00 – 19:00

Opið laugadaga
og sunnudaga
kl. 12:00 – 16:00

Allir okkar útsölubílar eru bílaleigubílar frá Procar bílaleigu.
Léttskoðun ásamt útleiguvottorði fylgir öllum bílum.
Þetta er aðeins brot af þeim útsölubílum sem eru í boði.
Kíktu í kaffi.

CARSON BÍLASALA

# NÝ SENDING AF BÍLALEIGUBÍLUM

## YFIRFARNIR AF UMBOÐI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



**Renault Trafic L3H1**
Nýskráður 6/2018, ekinn 69 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**
Afborgun krónur 49.795 á mánuði*



**Ford Grand C-max Titanium**
Ford 5/2018, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 2.990.000**
Afborgun krónur 37.354 á mánuði*



**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 5/2018, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 2.690.000**
Afborgun krónur 33.622 á mánuði*



**Honda Civic Elegance**
Nýskráður 3/2018, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 2.890.000**
Afborgun krónur 36.110 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 3.790.000**
Afborgun krónur 47.307 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 3.490.000**
Afborgun krónur 43.574 á mánuði*



**Peugeot Partner Tepee Outdoor**
Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



**Peugeot 5008 Style 7 manna**
Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**
Afborgun krónur 29.890 á mánuði*



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 6/2016, ekinn 60 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Tilboð kr. 850.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Opel Movano 9 manna**
Nýskráður 6/2016, ekinn 142 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 7/2017, ekinn 27 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 1.790.000**
Afborgun krónur 22.426 á mánuði*



**Honda HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**
Afborgun krónur 27.402 á mánuði*

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

## LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR
## SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is






Sýrlenski stjórnarherinn berst með Tyrkjum gegn Kúrdum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tyrkir miða á fangelsi sem vista ISIS-liða

**Landhernaður hafinn í Kúrdahéröðum Sýrlands. Tyrkir hafa þegar náð smábæjum við landamærin og mannfall eykst með hverjum klukkutímanum. Sprengjum beint að fangelsum sem vista ISIS-liða.**

**SÝRLAND** Tyrkir fylgdu eftir loftárásum og árásum stórskotaliðs með landhernaði á miðvikudagskvöld. Sprengjuárásir halda þó enn áfram, bæði dag og nótt. Að minnsta kosti 60 þúsund Kúrdar, búsettir nálægt landamærunum, flýja nú heimili sín og halda suður á bóginn.

Meginþungi innrásarinnar er á miðjum landamærunum, á milli borganna Ras al-Ain og Tal Abyad. Talsmenn tyrkneska hersins segjast þegar hafa tekið yfir nokkra staði sem þeir töldu hernaðarlega mikilvæga og nokkur þorp austan við Tal Abyad. Við báðar borgirnar hafa herir Tyrkja og Kúrda lent í beinum átökum.

Sprengjum hefur einnig verið beint að Qamishli-fangelsinu í austurhluta landsins, en það er eitt af þremur stórum fangelsum þar sem ISIS-liðar eru vistaðir. Yfirvöld Kúrda segja að Tyrkir geri þetta til þess að reyna að sleppa þeim út og skapa glundroða á svæðinu. Racip Erdogan, forseti Tyrklands, hefur hins vegar heitið því að komist fangelsin undir stjórn Tyrkja verði engin breyting á stöðu ISIS-liðanna. Þeim verði haldið þar til hægt er að framselja þá til viðkomandi heimalanda.

Erdogan hefur einnig sagt að tilgangurinn með innrásinni sé að skapa frið og mynda 32 kílómetra breitt öryggissvæði, laust við vopnaða Kúrda, við landamærin og flytja þangað eina milljón sýrlenskra flóttamanna, sem nú dvelja í Tyrklandi. Í gær hótaði Erdogan að senda alla flóttamennina, 3,6 milljónir talsins, til Evrópu ef innrásin yrði skilgreind sem hernám af Evrópusambandinu.

Enn er óljóst hversu margir óbreyttir Kúrdar hafa látist en 100 kúrdískir hermenn hafa fallið. Þá hafa að minnsta kosti 15 Tyrkir og sýrlenskir málaliðar fallið í bardögum.

Til að svara innrásinni hafa Kúrdar skotið loftskeytum yfir landamærin á tyrkneskar borgir, þar á meðal Akcakale þar sem búa tæplega 30 þúsund manns. Samkvæmt tyrkneskum yfirvöldum hafa tvö börn látist í Akcakale.

> **Hundruð þúsunda óbreyttra borgara í norðurhluta Sýrlands eru í hættu.**
>
> Filippo Grandi, yfirmaður flóttamannamála SÞ

Íslensk stjórnvöld ítrekuðu í gær þá gagnrýni sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hafði þegar sett fram og lýstu því yfir að náið yrði fylgst með ástandinu í Sýrlandi. „Íslensk stjórnvöld gagnrýna harðlega hernaðaraðgerðir Tyrkja gegn Kúrdum í Sýrlandi og hafa komið þeirri afstöðu sinni á framfæri við tyrknesk yfirvöld með formlegum hætti. Hernaðaraðgerðirnar samræmast ekki alþjóðalögum og er þess krafist að Tyrkir hætti aðgerðunum þegar í stað og fylgi alþjóðalögum í hvívetna. Hernaður sem beinist að almennum borgurum og veldur manntjóni, eins og fregnir herma, er fordæmdur,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá harma UNICEF á Íslandi einnig innrásina og lýsa yfir þungum áhyggjum af henni. „Það verður aldrei sagt nógu oft að börn í Sýrlandi bera enga ábyrgð á þessum stríðsátökum en eins og við vitum þá verða það fyrst og fremst þau sem munu þjást af þeirra völdum. Það er nóg komið af blóðbaði. Íslendingar eiga að segja stopp og saman getum við haft áhrif,“ segir Bergsteinn Jónsson framkvæmdastjóri.

Fjölmargir þjóðarleiðtogar hafa fordæmt innrásina og lýst yfir áhyggjum af mannfalli og hugsanlegri upprisu ISIS. Einnig hafa Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið, NATO og Arababandalagið harmað innrásina. „Hundruð þúsunda óbreyttra borgara í norðurhluta Sýrlands eru í hættu. Almenningur og innviðir sem þjóna honum mega ekki verða skotmark,“ sagði Filippo Grandi, yfirmaður Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttafólks.

kristinnhaukur@frettabladid.is

# OSTÓBER

Tími til að njóta osta



**Íslenskir ostadagar í október**

Í Ostóber fögnum við gæðum og fjölbreytileika íslenskra osta.

# Báknið kjurrt



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur ekki verið jafn krefjandi og nú í langan tíma. Það birtist okkur í auknum launakostnaði, hratt vaxandi atvinnuleysi, miklum samdrætti í nýjum útlánum til fyrirtækja á milli ára og kólnandi byggingargeira. Við þessar aðstæður er viðbúið að fjárfesting í atvinnulífinu dragist verulega saman. Verðlækkanir á hlutabréfamarkaði eru hugsanlega viðvörunarbjöllur um það sem koma skal. Seðlabankinn hefur brugðist við með því að lækka vexti í fjórgang – samanlagt um eitt prósentustig – frá því í vor. Það er ekki nóg. Vaxtalækkanir hafa ekki skilað sér til fyrirtækja heldur eru þau í mörgum tilfellum að sjá hækkandi vaxtaálag í bankakerfinu. Veturinn verður tími hagræðingar, sem mun einkum felast í uppsögnum, og sameiningum fyrirtækja í atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu.

Staðan er um margt fordæmalaus. Óumdeilt er að þjóðarbúið hefur aldrei staðið á styrkari stoðum, meðal annars þegar litið er til 840 milljarða gjaldeyrisforða Seðlabankans, lítillar skuldsetningar ríkisins, viðvarandi viðskiptaafgangs og jákvæðrar eignastöðu við útlönd, en það eru samt blikur á lofti. Hættan er sú að óvissa og stigvaxandi svartsýni heimila muni smitast í einkaneysluna, helsta drifkraft hagvaxtar, fasteignamarkaðinn og fjárfestingaráform fyrirtækja. Slíkur spírall, sem við sjáum vísbendingar um að sé þegar hafinn, veldur því að allir rifa seglin á sama tíma. Nýta þarf betur tæki og tól peningastefnunnar til að afstýra slíkri atburðarás, einkum nú þegar verðbólguvæntingar fara lækkandi, með skýrari skilaboðum um vaxtalækkunarferlið í stað þess að bíða og sjá til. Nýr seðlabankastjóri nýtti því miður ekki það tækifæri á síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans.

Á meðan almenni vinnumarkaðurinn er að grípa til sársaukafullra aðgerða eru opinberir starfsmenn staddir í sínum hliðarveruleika. Stéttarfélög þeirra álíta að þau geti sótt sér meiri kjarabætur en um var samið í Lífskjarasamningunum fyrr á árinu. Það er ekki í boði að eftirláta opinberum starfsmönnum, sem eru með hæstu heildarlaun á Norðurlöndum, að leiða launaþróun á vinnumarkaði. Ríkið hefur hlutverki að gegna við að sporna gegn niðursveiflunni, sem ætti að felast í auknum innviðafjárfestingum og lækkun skatta á heimili og fyrirtæki, en það verður ekki gert með því að standa undir enn meiri rekstrarútgjöldum til handa opinberum stofnunum. Frá aldamótum hefur ríkisstarfsmönnum fjölgað um 55 prósent á meðan fjölgunin á almennum vinnumarkaði nemur 18 prósentum. Þá eru skattar á Íslandi einir þeir hæstu innan OECD og útgjaldaþensla ríkisins er stjórnlaus.

**Á sama tíma og og almenni vinnumarkaðurinn er að grípa til sársaukafullra aðgerða eru opinberir starfsmenn staddir í sínum hliðarveruleika.**

Það gætir vaxandi óþreyju með þessa þróun. Stærsti flokkur landsins, sem mælist nú með minna en 20 prósenta fylgi, hefur löngum talið sér það til tekna að vera málsvari einkaframtaks og minni ríkisumsvifa. Ekki fer þó mikið fyrir þeim áherslum, hvorki í orði né á borði, og sú staðreynd að fylgið er í botni þarf því ekki að koma á óvart. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs verði yfir þúsund milljarðar á næsta ári og hafa þau aukist um nærri 300 milljarða á einum áratug. Í stað þess að aukin útgjöld séu sjálfkrafa talin besti mælikvarðinn á árangur og þjónustu opinberra stofnana þarf ríkið að koma á skýrari mælikvörðum hvað skattgreiðendur eru að fá fyrir peninginn. Verði ekki snúið af þessari braut stefnir í óefni.

ÚTSALA - ÚTSALA
50% Afsláttur af myndlistarvörum
Olíulitir, vatnslitir, akrýlitir, penslar, spaðar, pappír o.fl o.fl. o.fl.


Opið 8 - 16
LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Lagt að jöfnu**

**Hressar umræður urðu á þingi í gær um nýjar höfuðstöðvar ríkisbanka. Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Bjarna Benediktsson hvort hann ætlaði ekki að gera neitt í því að ríkisbankinn ætlaði að reisa höfuðstöðvar á dýrasta stað landsins en ekki á Raufarhöfn. Það skyti skökku þar sem aðrir vinnustaðir ríkisins glímdu við manneklu og hor. Bjarni benti á að hann væri bundinn lögum um að mega ekki gera neitt í neinu. Eru allar ákvarðanir í höndum einhverra sem myndu aldrei leggja fjármálaþjónustu að jöfnu við heilbrigðisþjónustu eða löggæslu.**

**Katrín notar bannorð**

**Katrín Jakobsdóttir hljóp illilega á sig þegar hún flutti opnunarræðu á Arctic Circle í gær. Varð grátur, gnístran tanna og almenn eymd á ráðstefnunni. Hvernig gat þetta gerst? Frá svona víðsýnni og frambærilegri stjórnmálakonu? Hún vék orðum sínum að fylgjendum Gretu Thunberg og sagði: „Við ættum að hlusta af athygli á unga fólkið sem skrópar í skólann til að mótmæla fyrir loftslagið.“ Já, þið lásuð rétt. Hún sagði skrópar! Rétta orðið er að sjálfsögðu skólaforðun, stórhættulegt heilkenni. Þetta á Katrín að vita og vonandi var þetta einsdæmi.**

**arib@frettabladid.is**
**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Stærðfræðin opnar dyr



Svana Helen Björnsdóttir
framkvæmdastjóri hjá Klöppum grænum lausnum hf. og formaður Verkfræðingafélags Íslands

Á þessu hausti eru 100 ár liðin frá stofnun stærðfræðideildar í Menntaskólanum í Reykjavík. Af þessu tilefni var nýverið haldið skemmtilegt málþing um notkun stærðfræði og mikilvægi góðrar stærðfræðikennslu á Sal MR.

Stærðfræði er nauðsynlegur grunnur að tæknilegri nýsköpun á mörgum sviðum. Það er engin tilviljun að frumkvöðlar í stafni tæknilegrar nýsköpunar og atvinnuþróunar á ótal sviðum skuli koma úr hópi tæknimenntaðs fólks með góðan stærðfræðigrunn. Flest þau fyrirtæki sem við Íslendingar erum hvað stoltastir af byggja á góðri stærðfræði- og raungreinaþekkingu.

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, flutti skemmtilegt erindi á málþinginu þar sem hann sýndi að stærðfræði er undirstaða gervigreindar og djúpnáms tölva, sem fjórða iðnbyltingin byggir á. Hún er nú hafin með tölvu- og reiknistuddri þjónustu af ýmsu tagi, m.a. fullsjálfvirkri framleiðslu, sjálfstýrðum skipum og bílum. Stærðfræði er stoð undir þessu öllu.

Nú hefur framhaldsskólanámi á Íslandi verið breytt verulega og það hefur m.a. verið á kostnað stærðfræði- og eðlisfræðikennslu sem hefur verið meiri í MR en sumum öðrum framhaldsskólum. Að mínum dómi hefur verið gengið of langt í því að skerða nám í þessum fögum. Sérkenni MR og annarra framhaldsskóla sem lagt hafa áherslu á raungreinanám hafa verið rýrð. Þetta hefur minnkað tækifæri þeirra mörgu metnaðarfullu nemenda sem hafa sett markið hátt í lífinu og vilja standast alþjóðlega samkeppni.

**Að mínum dómi hefur verið gengið of langt í því að skerða nám í þessum fögum.**

Góður stærðfræðigrunnur frá framhaldsskóla er eins og lykill sem opnar nemendum leið inn í „raungreinarýmið“. Slíkur grunnur auðveldar fólki nám, m.a. í verkfræði og hvers kyns raunvísindum en það eru einmitt þau svið sem eru undirstöður tæknilegrar nýsköpunar.

Miklu skiptir að stjórnvöld standi vörð um metnaðarfullt stærðfræðinám því það er forsenda þess að Íslendingar geti nýtt sér 4. iðnbyltinguna. Við þurfum að snúa af þeirri óheillavegferð sem stjórnvöld hafa, vonandi ómeðvitað, markað með því að takmarka verulega það nám sem í boði er í stærðfræði og raungreinum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Landþörf samgangna í Reykjavík

Í DAG



Hilmar Þór Björnsson

Þó að mikið hafi verið rætt undanfarið um fyrirferð einkabílsins í borgarlandslaginu hefur ekki komið fram hve mikil fyrirferðin er. Hvað samgöngumannvirkin taka mikið pláss.

Þetta var skoðað sérstaklega fyrir 15 árum og borið saman rými einkabílsins í ýmsum hverfum Reykjavíkurborgar og sett í samhengi við fjölda íbúða í hverfunum.

Í örstuttu máli mátti skilja að skipulagsyfirvöld og ráðgjafar þeirra hefðu álitið landið nánast ókeypis. Árið 2004 þöktu samgöngumannvirkin 48% af borgarlandinu og byggð svæði nokkuð minna eða 42%. Það sem út af stendur eru 10% sem eru opin svæði. Þetta gildir fyrir borgina í heild.

Ef nýju svæðin austan Elliðaáa eru skoðuð sérstaklega þá er staðan sú að 51% af borgarlandinu er ráðstafað fyrir samgöngumannvirkin og aðeins 35% voru undir byggð svæði og 14% undir opin svæði.

Þegar einstök hverfi eru skoðuð og fermetrar samgangna á hverja íbúð bornir saman í hverfunum er munurinn gríðarlegur. Til að mynda eru 68 fermetrar samgöngumannvirkja á hverja íbúð í Vesturbænum sunnan Hringbrautar sem ekki virðist sérlega þéttur. Í Grafarholti fara 259 fermetrar í gatnakerfið fyrir hverja íbúð og 322 fermetrar á íbúð í Staðahverfi. Innra gatnakerfi Staðahverfis er samkvæmt skýrslunni fimm sinnum umfangsmeira en í Vesturbænum og tíu sinnum umfangsmeira en í Heimahverfinu svo dæmi séu tekin.

Skýrsludrögin sem heita „Landþörf samgangna“ eru frá því í lok árs 2004 og voru unnin undir stjórn Haraldar Sigurðssonar skipulagsfræðings, sem er einn nokkurra frábærra starfsmanna umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar. Haraldur var síðar verkefnisstjóri vegna endurskoðunar aðalskipulagsins sem nú er í gildi, AR2010-2030. Það leikur ekki vafi á því í mínum huga að þessi könnun á landþörf samgangna hefur haft veruleg áhrif til góðs í allri þeirri vinnu.

Maður veltir fyrir sér af hverju borgarskipulagið og ráðgjafar þess hafi ekki gert sér grein fyrir allri þeirri sóun sem lá fyrir í skipulagsvinnunni á árunum upp úr 1990 og flestum var ljós löngu áður en skýrsludrög Haraldar og félaga lágu fyrir. Það vissu þetta allir.

Það er varla hægt að draga aðra ályktun af þessu en þá, að skipulag borgarinnar hafi verið óvistvænt og dýrt. Skýrsludrögin segja okkur það og það þarf ekki annað en að horfa á umferðina í þessari litlu borg til að sjá að eitthvað hefur farið úrskeiðis í skipulagsmálunum. En það eru einmitt skipulagsákvarðanir sem eru helstu orsök umferðarvandans. Vanreifaðar skipulagsákvarðanir kosta okkur óhemju fé til umferðarmála. Miklabraut í stokk er dæmi um það. Hvað ætli það séu margar 126 þúsund manna borgir í heiminum sem eru með 1,7 km langan stokk fyrir innanbæjarumferð?

En það birti til með AR2010-2030 sem stefnir til betri vegar.

Ljóst er að það markmið að hægja á útþenslu byggðar á höfuðborgarsvæðinu er skynsamlegt en það næst ekki nema með öflugu almenningssamgöngukerfi en þó fyrst og fremst með markvissu skipulagi. Dreifðar borgir þar sem notkun einkabílsins er forsenda búsetunnar leiða til lakari lífsgæða, hærri framfærslukostnaðar og margfalds samgöngukostnaðar.

Einkabílisminn stuðlar að styttri líftíma, meiri hættu á lífsstílssjúkdómum vegna hreyfingarleysis að ekki sé talað um þátt hans í hlýnun jarðar. Það mikilvægasta er svo að hann dregur úr öllu götulífi, lífinu milli húsanna, félagslegum samskiptum og gerir borgirnar oftast leiðinlegri.

**Hlutfall af þéttbýlu landi Reykjavíkur 2004**




Það er því í fullkomnu samræmi við umræðuna sem er áberandi um allan heim um útþenslu borganna, að skipulagsyfirvöld á höfuðborgarsvæðinu séu að reyna að stemma stigu við útþenslu byggðar. Fyrirbærið er kallað „Urban Sprawl – the uncontrolled expansion of urban areas“, ef einhver vill gúggla þetta. En menn eru víðast að tala um að hafa stjórn á þenslunni – ekki stöðva hana.



# AMERÍSKIR DAGAR




**Tostitos snakk og ídýfur til að gera fullkomið nachos**

verð frá **729** kr/stk

Tilboð gilda til 20. október á meðan birgðir endast.




**Twizzlers**
**Ekta amerískur lakkrís**

**379** kr/pk




**Bættu andrúmsloftið með Ice Breakers Mints**

verð frá **299** kr/pk




**Mrs Butterworth´s síróp með og án sykurs**

**899** kr/stk




**Kauptu Betty Crocker vöru og Belgian Chocolate & Mint flavour kökumix fylgir með**




**Amerískt súkkulaði í úrvali**

verð frá **159** kr/pk




**Oreo kex**

verð frá **169** kr/pk





1.699 kr/kg

## NAUTABRINGA

TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa



6.119 kr/kg
Verð áður 6.799.-

## NAUTALUNDIR

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



3.899 kr/kg
Verð áður 5.199.-

## NAUTA RIBEYE



1.799 kr/kg

## NAUTA POT ROAST



1.099 kr/kg

## NAUTAKINNAR

VEGAN




**Morning Star eru einstakir ofnréttir sem slá í gegn**

verð frá **899** kr/pk




Ferskar tortillur

**Maria and Ricardo´s**
**10 tegundir af ferskum tortillum,**
**3 mismunandi stæðir**

verð frá **449** kr/pk




**TGI FRIDAYS sósur**

**799** kr/stk

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Það þarf að fylla skarð fyrirliðans

**Ísland leikur í kvöld við Frakkland í undankeppni EM 2020 í knattspyrnu karla. Frakkland og Tyrkland eru fyrir umferðina á toppi riðilsins en Ísland kemur þar á eftir. Íslenska liðið þarf að sjá til þess að fjarvera fyrirliðans Arons Einars verði Íslandi ekki að falli.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fær Frakkland í heimsókn á Laugardalsvöllinn í kvöld en leikurinn er liður í sjöttu umferð í undankeppni EM 2020. Eftir tap íslenska liðsins í Albaníu í síðustu umferð er meiri pressa á að næla í stig í þessum leik ætli liðið sér að komast beint í lokakeppni mótsins. Það er hins vegar óraunhæft að ætlast til þess að íslenska liðið vinni Frakkland í fyrsta skipti í sögunni.

Bjartsýnin jókst ekki þegar fregnir bárust af því að fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson hefði meiðst og gæti ekki leikið í þessum leik. Sú staðreynd að Ísland hefur undanfarin ár náð hagstæðum úrslitum á móti öflugum liðum, þá sérstaklega á heimavelli, vekur hins vegar von í brjósti stuðningsmanna íslenska liðsins.

Erik Hamrén, þjálfari Íslands, og Gylfi Þór Sigurðsson sem verður fyrirliði í stað Arons Einars ræddu það einmitt á blaðamannafundi í gær að liðið þyrfti að hafa meiri trú á sigri en það hafði í fyrri leik liðanna í undankeppninni. Þá minntu þeir á að Ísland væri erfitt heim að sækja og leikmenn liðsins hefðu skapað góðar minningar með frábærri frammistöðu á móti bestu liðum heims síðustu ár og vonandi yrði kvöldstundin í kvöld eftirminnileg á jákvæðan hátt.

Gylfi Þór sagði að meiðsli Arons Einars gerðu það að verkum að einhver leikmaður fengi kjörið tækifæri til þess að stimpla sig inn í liðið með góðri spilamennsku. Góður leikur á morgun gæti tryggt byrjunarliðssæti í þeim leikjum sem eftir eru í undankeppninni þar sem ólíklegt væri að Aron Einar myndi komast aftur inn á knattspyrnuvöllinn áður en undankeppninni lyki.

**Nokkrir möguleikar á samsetningu á miðjunni**

Mestu spurningarmerkin við það hvernig Hamrén og Freyr Alexandersson muni stilla upp liðinu annað kvöld eru hvernig miðjan verður samsett og hver leiðir liðið í fremstu víglínu. Hannes Þór Halldórsson verður að vanda milli stanganna í markinu og líklegt er að varnarlínan verði eins skipuð og í tapinu fyrir Albaníu. Það er með Ara Frey Skúlason, Kára Árnason, Ragnar Sigurðsson og Hjört Hermannsson innanborðs.

Birkir Már Sævarsson er kominn aftur inn í hópinn en hann sagði það sjálfur í vikunni að hann byggist við því að byrja á bekknum. Inni á miðjunni koma tveir kostir helst til greinar til þess að fylla skarð Arons Einar sem varnartengiliður. Það er Birkir Bjarnason og svo Guðlaugur Victor Pálsson sem hlotið hefur lof fyrir hvernig hann hefur spilað fyrir þýska B-deildarliðið Darmstadt.

Gylfi Þór Sigurðsson mun leika sem sóknartengiliður en sem miðvallarleikmenn koma Emil Hallfreðsson og Rúnar Már Sigurjónsson sem lék á vægnum í Albaníu til greina. Jóhann Berg Guðmundsson er svo búinn að ná sér af þeim meiðslum sem héldu honum út úr leikjunum gegn Moldóvu og Albaníu og hann verður á öðrum kantinum. Arnór Ingvi Traustason eða Rúnar Már Sigurjónsson verða svo að öllum líkindum í hinni kantstöðunni.

> **Við töpuðum 0-4 í Frakklandi, við þurfum að verjast betur í kvöld og halda einbeitingu.**
>
> Gylfi Þór Sigurðsson

**Þrír leikmenn koma helst til greina í framlínunni**

Það er svo spurning hvort Alfreð Finnbogason, Kolbeinn Sigþórsson eða Jón Daði Böðvarsson fá það hlutverk að leika sem fremsti maður liðsins. Alfreð er nýkominn til baka eftir að hafa glímt við meiðsli, en hann er góður að fá boltann í fætur og stinga sér bak við varnir andstæðinganna með klókum hlaupum.

Kolbeinn skoraði í báðum leikjunum í síðasta legg undankeppninnar og kemur sterklega til greina. Jón Daði hefur hins vegar leikið vel í síðustu leikjum landsliðsins og hentar liðinu vel taktískt séð. Þrátt fyrir að hafa ekki skorað í undankeppninni hentar Jón Daði leikstíl íslenska liðsins vel.

Svo gætu Hamrén og Freyr einnig leikið leikerfið 4-4-2 með Alfreð, Kolbein eða Jón Daða í fremstu víglínu og Gylfa Þór sem hluta af tveggja manna miðju. Það verður spennandi að sjá hver liðsuppstillingin verður og svo hvernig þeim leikmönnum sem hljóta náð fyrir augum þjálfaranna tekst upp gegn ríkjandi heimsmeisturum. Stig væru vel þegin til þess að aðstoða þjóðarsálina við að takast á við veturinn sem er að skella á.

**hjorvaro@frettabladid.is**



Strákarnir okkar í landsliðinu létu kuldalegar aðstæður á Laugardalsvelli ekki trufla sig í undirbúningnum fyrir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




## Erfiðir viðureignar á heimavelli

**FÓTBOLTI** Það var greinilegt af svörum Didiers Deschamps, þjálfara franska landsliðsins og Raphaels Varane, fyrirliða liðsins í fjarveru Hugo Lloris, að þeir kæmu ekki til með að vanmeta Ísland í kvöld þegar flautað verður til leiks á Laugardalsvelli.

Ísland mætir ríkjandi heimsmeisturum Frakklands í undankeppni EM eftir 4-0 sigur Frakka í fyrri leik liðanna. Þetta er í fjórða sinn sem Deschamps stýrir Frökkum gegn Íslandi ásamt því að mæta Íslandi sem leikmaður síðast þegar Frakkar komu í heimsókn.

„Ég held að fæstir leikmennirnir muni eftir því síðast þegar Frakkar heimsóttu Ísland, flestir þeirra voru bara börn þó að ég muni vel eftir leiknum,“ sagði Deschamps léttur þegar hann var spurður út í jafnteflið fræga 1998, stuttu eftir að Frakkar voru krýndir heimsmeistarar þar sem Deschamps bar fyrirliðabandið.

> **Íslenska liðið hefur sýnt það í gegnum tíðina að það er erfitt heim að sækja.**
>
> Didier Deschamps, þjálfari franska landsliðsins

„Ísland hefur sýnt það í gegnum tíðina að það er erfitt heim að sækja, aðstæðurnar hérna eru öðruvísi og völlurinn opinn með hlaupabraut sem er nýtt fyrir mína leikmenn. Við eigum von á erfiðum leik, íslenska liðið er beinskeytt og hættulegt í föstum leikatriðum eins og er heimsfrægt. Þar að auki eru tekniskir leikmenn sem geta skapað usla.“

Varane tók í sama streng og þjálfari hans og sagði franska liðið ekki vanmeta Ísland.

„Við vanmetum ekki íslenska liðið. Ísland er með gott lið sem við þekkjum vel til og berum mikla virðingu fyrir. Þetta er mikilvægur leikur í undankeppninni sem við tökum alvarlega og ætlum okkur þrjú stig. Íslendingar hafa verið erfiðir viðureignar á heimavelli og við megum búast við erfiðum leik,“ sagði Varane um íslenska liðið og hélt áfram:

„Við búumst við því að íslenska liðið berjist af krafti og við þurfum að passa okkur á föstu leikatriðunum. Okkar markmið er að ná að spila hratt og finna lausnir á varnarleik Íslands.“ **– kpt**

# Fólk
Helgin

FÖSTUDAGUR 11. OKTÓBER 2019



Kristín Eva Geirsdóttir er lögfræðingur á Útlendingastofnun með sérhæfingu í flug- og geimrétti. Hún á von á sér í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Elskuð mest í heimi

**Kristín Eva Geirsdóttir er konan sem Sverrir Bergmann syngur fyrir alþjóð að hann elski mest í heimi. Hann uppskar ást hennar eftir vinarbeiðni á Facebook.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég náði nú að halda andlitinu þegar ég heyrði lagið komið í sinn endanlega búning og bara brosti, knúsaði hann og kyssti mikið en ég viðurkenni að hafa tárfellt þegar ég sá myndbandið við lagið. Þá var ég nýkomin heim þreytt eftir vinnudaginn og fannst hversdagsleikinn allsráðandi en heima beið mín myndbandið og hversdagsleikinn breyttist í ævintýri," segir Kristín Eva Geirsdóttir, spurð hvernig henni hafi orðið við þegar hennar heittelskaði, söngvarinn Sverrir Bergmann, flutti fyrir hana ástaróðinn „Þig ég elska“ sem hann orti af heitri ást til Kristínar og heyrist nú oft á öldum ljósvakans.

„Sverrir hafði sungið til mín í svolítið langan tíma og ég hlustað með stjörnur í augum. Ég fylgdist því með frá upphafi þegar hann byrjaði að glamra „Þig ég elska“ á gítarinn og lagið varð alltaf æ fegurra. Ég var auðvitað dolfallin en myndbandið gerði útslagið og meira að segja pabba vöknaði um augun þegar hann horfði á það í fyrsta sinn. Það er svo ótrúlega fallegt og skemmtilegt og lýsir mér eins og ég er; elskandi tabaskósósu út á allt sem Sverrir teiknaði sjálfur eins og allt annað í myndbandinu," segir Kristín, ástfangin upp fyrir haus og elskuð mest í heimi.

### Bjargvættur á bílaþvottastöð

Kristín er lögfræðingur að mennt og var nýflutt heim frá Hollandi þar sem hún hafði lokið sérhæfingu í flug- og geimrétti við háskólann í Leiden þegar ástin bankaði svo óvænt upp á eitt mánudagskvöld í febrúar í fyrra.

„Þá sendi Sverrir mér vinarbeiðni á Facebook og ég svara með undrun: „Ég veit ekki hvort minnið sé að leika mig grátt en þekkjumst við?“ Hann svaraði um hæl: „Neibb, við þekkjumst ekki neitt. Minnið þitt er í toppstandi.“ Mér fannst það bæði fyndið og krúttlegt og Sverrir reyndist einstaklega skemmtilegur að tala við. Hann var þá í Þýskalandi hjá vini en kom heim á fimmtudeginum í sömu viku og við ákváðum að hittast og fórum á rúntinn eins og sautján ára unglingar," rifjar Kristín upp og hlær. „Á laugardeginum fór ég svo að þrífa bílinn á bílaþvottastöð þar sem hann varð rafmagnslaus í miðri stöðinni en þá kom Sverrir og bjargaði mér úr klípunni. Síðan hef ég verið með honum á hverjum einasta degi enda féll ég kylliflöt fyrir honum.“

Kristín hafði lítið fylgst með tónlistarsenunni heima þau fjögur ár sem hún bjó í útlöndum en vissi sem var að Sverrir hafði sungið

Framhald á síðu 2

AUKIN ORKA
SKARPARI HUGSUN




Sölustaðir: apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

**Framhald af forsíðu ➪**

lagið „Án þín“ til sigurs í Söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2000 og séð um tölvuleikjaþáttinn Game Tíví í sjónvarpinu.

„Ég held það hafi verið fínt fyrir Sverri að finna einhverja sem var ekki eldheitur aðdáandi eða inni í öllu sem hann hafði gert,“ segir Kristín sem varð bálskotin í honum með því einu að tala við hann.

„Sverrir er algjör dúlli og frábær að öllu leyti. Hann er ómótstæðilega heillandi, skemmtilegur og góður, lét mig hlæja frá fyrstu sekúndu og ég er enn síhlæjandi. Hann kann svo vel á mig, er með gott jafnaðargeð og núna er ég alveg „lost“ án hans,“ segir Kristín og hlær af hamingju.

„Þessi ást kviknaði svo hratt og fallega. Ég gisti hjá Sverri kvöldið sem hann bjargaði mér úr bílaþvottastöðinni og svo gisti ég aldrei annars staðar. Ég bara flutti strax inn til hans og seinna um sumarið fluttum við saman til Njarðvíkur. Við fundum svo sterkt að tilfinningin væri rétt og ég vissi um leið að Sverrir væri mín eina sanna ást. Fljótlega barst svo talið að barneignum og við vildum bæði eignast börn, ákváðum að prófa og eigum nú von á okkar fyrsta barni,“ segir Kristín en settur fæðingardagur stúlkubarns þeirra Sverris er 1. febrúar á nýárinu.

„Barnið verður það fyrsta okkar beggja og fyrsta stelpan í fjölskyldu Sverris. Við erum meira en tilbúin í foreldrahlutverkið og hlökkum mikið til. Okkur langar að eignast fleiri börn og fundum í hjarta okkar að við vildum það eitt að vera saman og eignast stóra og góða fjölskyldu.“



Kristín segist „lost“ án Sverris. Hann kunni vel á hana, hafi fengið hana til að hlæja við fyrstu kynni og að hún sé enn síhlæjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Réttnefndur draumaprins

Kristín segir ekki hægt að lýsa tilfinningunni sem fylgir því að vera viðfangsefni ástfangins tónlistarmanns frammi fyrir alþjóð en Sverrir naut aðstoðar Magnúsar Þórs Sigmundssonar við textagerðina og Halldórs Gunnars Pálssonar Fjallabróður við útsetningu lagsins.

„Mitt uppáhaldslag með Sverri er auðvitað „Þig ég elska“ en lagið „Ég fer ekki neitt“ er líka í dálæti. Mér líður auðvitað eins innanbrjósts en held að ég sé ekki jafn ljóðræn og hann að koma tilfinningum mínum í orð eða listsköpun,“ segir Kristín sem er rómantísk eins og Sverrir.

„Fyrir mér felst rómantík í litlu, hversdagslegu hlutunum; að kveikja á kertum, liggja saman og knúsast, en líka þessu óvænta sem Sverrir gerir, eins og þegar ég varð 29 og hálfs árs fannst honum tilefni til að vekja mig með afmælistertu og þegar ég sofnaði í sófanum, áður en ég varð ólétt, þá bar hann mig á örmum sér inn í rúm, en það getur hann alls ekki núna,“ segir Kristín og skellir upp úr. „Rómantík þarf því ekki að vera eitthvað stórt eða yfirþyrmandi, bara hvernig hann kemur til mín, nándin og snertingin. Með honum finn ég alla daga að ég er elskuð meira en allt í heiminum og nú er hann farinn að elda handa mér, maðurinn sem hefur aldrei eldað neitt, og maturinn er gómsætur en það er hugurinn að baki sem skiptir mestu máli.“

Margir ráku upp stór augu þegar turtildúfurnar birtu af sér mynd um síðustu áramót, tekna í Las Vegas, eins og nýgift hjón.

„Nei, við giftum okkur ekki þá; það eigum við eftir,“ segir Kristín. „Þegar ég varð þrítug í fyrrahaust gaf Sverrir mér fyrstu samskiptin okkar á Facebook í ramma sem hangir nú fyrir ofan kamínuna okkar heima. Í rammanum leyndist líka mynd af söngkonunni Celine Dion sem er uppáhaldið mitt. Það reyndust vera miðar á lokatónleika hennar í Las Vegas og ég var sem lömuð því mig hafði alltaf dreymt um að fara á tónleika með henni og auðvitað lét draumaprinsinn þann draum rætast.“

### Ástarljóð til Sverris

Það tók Kristínu Evu ekki nema örfáar mínútur að koma tilfinningum sínum í orð í eftirfarandi ástarljóði til Sverris Bergmann.

Á heimshornaflakki í hamingju sveif,
hella og tinda, já ég þá kleif.
Fann þó í hjarta mér holrúm breitt,
í hringiðu flakksins var líf mitt leitt.

Var aldrei þess vitandi hvers ég leitaði að,
vinarbeiðni á fésbók - hversu óvænt var það?
Fyllti mig gleði, fyllti mig ást,
furðulegt hvernig ég hætti að þjást.

Breytti minni skeifu í risastórt bros,
brosandi enn, þetta er endalaust gos.
Nú leit minni er lokið, ég legg mín spil á borð,
læt ég því fylgja mín lokaorð.

Heima með þér ég í hamingju svif
og hefur okkur nú tekist að skapa nýtt, lítið líf.
Ég ævinni hlakka til að eyða með þér,
enda þú nú orðinn hluti af mér.

## Ástfangnari með degi hverjum

Þau Kristín og Sverrir hafa komið sér fyrir í fallegu húsi í Njarðvík.

„Sverrir vildi að við flyttum suður með sjó til að eiga fleiri tíma í sólarhringnum saman þegar ég vann á flugvellinum en nú viljum við ekki flytja aftur í borgina. Útlendingastofnun er í Hafnarfirði og ég er enga stund að skjótast þangað úr Njarðvík. Ég mæli heilshugar með búsetu í Reykjanesbæ og þar er fasteignaverð töluvert lægra en í Reykjavík. Það hefur komið okkur á óvart hversu yndislegt samfélagið er, hér ríkir hlýr náungakærleikur og allir taka vel á móti okkur,“ segir Kristín sem var ekki í barneignarhugleiðingum fyrr en hún kynntist Sverri en sá aldrei annað fyrir sér en að ala upp börn sín upp á Íslandi.

„Suðurnesin eru yndislegur staður fyrir börn, nóg rými og stutt í fagra náttúru. Okkur þykir gott að komast aðeins úr ys og stressi borgarinnar og finnum hvað okkur langar alltaf heim í kyrrðina þegar við erum í bænum,“ segir Kristín en bæði eru afar heimakær.

„Við erum bæði róleg og Sverrir er svo nægjusamur. Honum finnst best að vera heima og hafa það kósí og mér finnst þægilegt að finna að hann sé ekki með stöðuga þrá til að komast út. Hann syngur reyndar rosalega mikið um helgar sem getur verið þreytandi því þá á ég frí en þetta hefur sína kosti og galla. Maður viðheldur vináttu og tengslum við fjölskyldu og vini og vinkonur mínar koma stundum í „sleep-over“ ef Sverrir þarf að fara út á land um helgar. Mér finnst líka gott að vera ein og horfa á góða þætti á meðan hann er að spila en ef við eigum helgina saman, sem gerist nánast aldrei, finnst okkur best að vera ein og gera ekki neitt. Hann fær að vera í tölvunni og þarf sinn tíma þar, en heima er hann með heilt tölvuvirki og í síðustu viku komu til hans tveir vinir í „sleep-over“ og spiluðu tölvuleiki í sólarhring,“ segir Kristín og hlær.

Hún segir helgina vera tíma til að kúpla sig út.

„Það má alveg njóta þess að gera ekki neitt og það þarf ekki stöðuga dagskrá. Við Sverrir getum verið saman heilu dagana ein. Við fáum ekki leiða hvort á öðru og ég verð ástfangnari af honum með hverjum deginum sem líður. Það er mögnuð tilfinning; ég var ekki undirbúin fyrir þetta en trúði alltaf að rétti maðurinn kæmi til mín fyrr eða síðar,“ segir Kristín, hamingjan og fegurðin uppmáluð.

„Ég er heppin með gen. Mamma og pabbi eru um sjötugt en líta út eins og fertug og eru enn orkumeiri en ég. Við systkinin hrósum happi að hafa öll fengið fallegu tennurnar hans pabba en annars hef ég alltaf hugsað vel um heilsu og útlit með útivist, fjallgöngum, sundi og jóga. Á meðgöngunni geri ég hins vegar fátt annað en að vinna og hvíla mig, er rosa góð við sjálfa mig og kenni barninu um hvað ég er mikill nammigrís,“ segir Kristín og hlær.

Hún verður 31 árs á fimmtudaginn í næstu viku.

„Október er mikill afmælismánuður í fjölskyldunni. Mamma átti afmæli þann níunda, bróðir minn á afmæli þann fimmtánda, ég þann sautjánda og annar bróðir minn þann nítjánda. Við sláum því saman í notalegan bröns um helgina,“ segir Kristín sem er farin að hlakka til jóla og nýárs.

„Lífið er gott og dásamlegur tími framundan með jólum og litla barninu. Í fyrra upplifðum við Sverrir bandarísk jól en þetta verða fyrstu jólin okkar sem par í eigin húsi. Ég hlakka til rómantískra kertaljósa og spila og við ætlum að kaupa okkur nýtt jóladót og skreyta húsið. Þetta verða önnur eða þriðju jól Sverris fjarri foreldrahúsum en ætli við förum ekki í jólamat til foreldra minna því þá verð ég komin svo langt á leið. Svo skellum við í annað barn sem fyrst, ef það gengur vel.“

**Lengri útgáfa er á frettabladid.is**




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna H. Viðarsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653

**Kynningar:** ZO•ON, Penninn, Lín Design, Elko, Hilton Spa, Margt smátt, Lux veitingar, Cintamani, Heimkaup

# Fyrirtækjagjafir

FÖSTUDAGUR 11. OKTÓBER 2019



Hjá ZO•ON er fjölbreytt úrval af útivistarfatnaði og fylgihlutum sem henta fullkomlega í jólapakkann.

## Settu ZO•ON í jólapakkann

ZO•ON býður fyrirtækjum og stofnunum úrval af vönduðum fatnaði og fylgihlutum sem eru tilvaldir í jólapakka starfsfólks. Gjafakort ZO•ON er vinsæl og skemmtileg gjöf sem gleður alla. →2



ZO•ON er borgar- og útivistarmerki fyrir ævintýragjarna. Fyrirtækið hefur áratuga reynslu á útivistarmarkaði.



Gullfoss weekend bag er fullkomin fyrir helgarferðina, ræktina eða sundið.



Úrvalið er mikið svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í ZO•ON.

Sum fyrirtæki byrja að huga að jólagjöfum starfsmanna sinna strax á vorin og sumrin. Flest þeirra byrja þó ekki að huga að þeim fyrr en núna á haustmánuðum. En sum koma ekki til okkar fyrr en rétt fyrir jól,“ segir, Elísabet Kvaran, viðskiptastjóri hjá ZO•ON.

Hjá ZO•ON er fjölbreytt úrval af útivistarfatnaði og fylgihlutum. Hvað ratar í jólapakkann er því mjög mismunandi. „Við eigum yfirhafnir og peysur í miklu úrvali sem fyrirtæki hafa keypt hjá okkur. En mörgum finnst erfitt að áætla réttar stærðir fyrir starfsfólk sitt og þá erum við með ýmsar lausnir. Það er til dæmis hægt að kaupa sett af húfu og vettlingum í fallegri litlli tösku. Gullfoss taskan okkar er líka mjög vinsæl gjöf. Þetta er svokölluð helgartaska sem er fullkomin gjöf fyrir bæði dömur og herra og hentar vel í helgarferðina, ræktina eða sundið.“

## Gjafakortin gleðja

Gjafakortin frá ZO•ON eru alltaf mjög vinsæl. „Gjafakortin eru tilvalin gjöf fyrir alla. Fólk getur þá komið og valið sér það sem því hentar. Úrvalið er það mikið að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í ZO•ON. Fólk getur bæði notað gjafakortið upp í dýrari flík eða keypt sér eitthvað akkúrat fyrir upphæðina sem er á kortinu. Að gefa gjafakort er líka mjög lítil fyrirhöfn fyrir fyrirtækin en þau koma í fallegri öskju.“




Gjafakort frá ZO•ON er tilvalin gjöf sem gleður. Þau koma í fallegri öskju.

## Eitthvað fyrir alla

Algengt er að fyrirtæki láti merkja fötin sem verið er að gefa og ZO•ON býður upp á að sjá um slíkt. „Þróunin hefur þó verið í þá átt að hafa merkingarnar lítið áberandi því mikið áberandi merkingar verða til þess að fólk forðast frekar að klæðast flíkunum. Það er vel hægt að koma fyrir litlu fallegu lógói á flíkum sem er jafnvel samlitt flíkinni,“ segir Elísabet en hún segist finna fyrir mikilli eftirspurn eftir ZO•ON vörunum.

„Fólk er af mismunandi stærðum og gerðum. Við höfum verið að bjóða upp á stærri stærðir í ákveðnum vöruflokkum og því ættu flestir að geta fundið eitthvað sem hentar þeim. Fólk er alltaf ánægt með að fá fallega flík eða fylgihlut. Svo má geta þess að ef fyrirtækin merkja ekki gjöfina með lógói fyrirtækis er ekkert mál að koma og skipta í eitthvað sem hentar betur.“

## ARCTIC ECO umhverfisstefna

„Ein af nýjungum okkar þennan veturinn er ARCTIC ECO verkefnið okkar, en það er hluti af umhverfisstefnu ZO-ON,“ segir Elísabet.

„ZO•ON hefur þróað efni og einangrun sem framleidd eru úr endurunnum hráefnum sem minnka áhrif okkar á umhverfið. Þetta var gert undir Arctic Eco umhverfisstefnu fyrirtækisins.

> **Fólk getur bæði notað gjafakortið upp í dýrari flík eða keypt sér eitthvað akkúrat fyrir upphæðina sem er á kortinu.**

Þannig hjálpar ZO•ON þér bæði við að haldast í jafnvægi við náttúruna og líða vel í borgarútivistarstíl að þínu skapi.“

Efnin og einangrunin í Arctic Eco verkefninu er endurunnið úr plastflöskum. Það þarf um það bil 50 hálfslítra plastflöskur að meðaltali til að búa til einangrun í Jaka úlpu.

Bæði efnið sjálft, Artic Eco Dimondium, og vatteinangrunin Artic Eco Insulation eru unnin á þennan máta. Við byrjum með einangrun úr Artic Eco fyrir þennan vetur. Svo bætist við Artic Eco Diamondium við næsta sumar í regnfatnaðinum okkar.

## Fyrir borg og náttúru

ZO•ON er rótgróið fyrirtæki sem á sér um þrjátíu ára sögu. „Hér innanhúss er því mikil reynsla og þekking bæði hvað varðar framleiðslu, hönnun og útivist. Fyrir fáum árum fórum við í gegnum mikla endurmótun á stefnu, tókum inn nýja hönnuði og mótuðum í hvaða átt við vildum fara. Í dag má segja að ZO•ON sé borgar- og útivistarmerki fyrir ævintýragjarna. Við hönnum föt sem hvetja fólk til að drífa sig út og ferðast óhindrað milli borgar og náttúru, hvernig sem viðrar.“

Nánari upplýsingar á www.zo-on.is. Hjá Elísabetu Kvaran, netfang: elisabet@zo-on.com sími: 781 2100 og Margréti Rós Einarsdóttur, netfang: margret@zo-on.com sími: 856 5858

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is



*Square Design* *Two Colour*

## SOKKAR

Notalegir ullarsokkar frá Geysi, í hlýlegum litum sem halda hita á ferðaglöðum fótum. *Square Design* sokkarnir koma í þremur litum og *Two Colour* sokkarnir í fjórum.



*Funi trefill* *Fold trefill*

## TREFLAR

Litfagrir ullartreflar frá Geysi umvefja hálsinn hlýju og veita prýðilegt skjól á köldum vetrardögum. *Funi* og *Fold* treflarnir koma í nokkrum mismunandi litum sem lífga upp á skammdegið.



*Kånken bakpoki*

## FJÄLLRÄVEN

Vinsælu bakpokarnir frá Fjällräven fást í ýmsum litum og útfærslum.



*Geysir teppi – Diamonds*

## TEPPI

Það er fátt sem yljar betur en Geysisteppi enda eru þau vinsæl gjöf og einstök stofuprýði sem gaman er að þiggja. Teppin eru úr íslenskri ull og fást í ótal litum og mynstrum.



*Nótt – sængurföt frá Geysi*



## SÆNGURFÖT

Mjúk og notaleg sængurföt í mildum og róandi jarðlitum.

Veldu þín uppáhalds eða paraðu saman mismunandi litatóna.



## KERTI

Sívinsælu ilmkertin frá Geysi eru gerð úr hágæða kertavaxi og anga af hátíð ljóss og friðar. Koma í fallegri gjafaöskju og fást í ýmsum ilmtegundum.




## GJAFABRÉF GEYSIS & FJÄLLRÄVEN

Gjafabréf frá Geysi og Fjällräven eru gjafir sem gleðja.



## HANDKLÆÐI

Dúnmjúk Geysishandklæði í björtum og fallegum litum. Handklæðin fást í tveimur stærðum, eru úr hágæða bómull og koma í fjórum litum.

JÓLAGJAFAHUGMYNDIR

**Geysir býður upp á glæsilegt úrval gjafavara. Við hjálpum þér að finna réttu gjafirnar fyrir starfsfólk þitt.**

Fyrir upplýsingar og pantanir, vinsamlegast hafið samband með því að senda tölvupóst á irisfjola@geysir.com.

GEYSIR

# Mikilvægt að gera vel við starfsfólkið

Mikil áhersla er lögð á ánægju starfsfólks Capacent og segir Steingrímur Sigurgeirsson ráðgjafi mikilvægt að efla vinnustaðarmenningu allt árið um kring. Hópefli og góð samskipti skipta máli

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is



Það skiptir máli að gera vel við starfsfólkið sitt en það skiptir líka máli að það sé ekki bara bundið við jólin eða eitthvað svoleiðis heldur að það sé unnið að því allt árið að gera fólk ánægt,“ segir Steingrímur Sigurgeirsson, ráðgjafi í stjórnun og stefnumótun hjá ráðgjafarfyrirtækinu Capacent.

„Eitt af því sem við gerum sem ráðgjafar er að vinna með fyrirtækjum og stofnunum að því hvernig er hægt að gera vinnustaði betri og oft erum við að horfa á hluti eins og vinnustaðarmenningu,“ segir Steingrímur. „Auðvitað reynum við líka að hafa hlutina góða hjá okkur því það er svo margt annað en bara laun sem skiptir máli þegar kemur að því hvort fólk sé ánægt í vinnunni og líði vel,“ bætir hann við.

Mikið er lagt upp úr ánægju starfsfólks innan fyrirtækisins og segir Steingrímur það mikilvægt fyrir starfsandann að starfsfólkið hittist utan vinnu og eigi góða stund. „Við leggjum mikið upp úr þáttum eins og að þjappa hópnum saman því að þannig kynnumst við betur og samskiptin verða auðveldari,“ segir Steingrímur.

„En svo geta líka þættir eins og gjafir til starfsfólks verið mikilvægir þegar kemur að vinnustaðarmenningu,“ segir hann. „Til dæmis ef einhver á stórafmæli og í kringum jólin er mikilvægt að gefa starfsfólkinu gjafir en það skiptir þó eiginlega meira máli að passa upp á að þetta sé gert heldur en að þetta séu einhverjar risagjafir,“ bætir Steingrímur við.



**Steingrímur, lengst til hægri, segir góð samskipti, hópefli og fyrirtækjagjafir allt þætti sem skipta máli þegar kemur að vinnustaðarmenningu og ánægju starfsfólks.**

„Ekki þó þannig að þetta sé nánasarlegt en það sem skiptir líka miklu máli er þessi heildarmynd. Að það sé ekki bara einhver glaðningur í kringum í jólin heldur að alla daga ársins séum við að hugsa um það hvernig við getum haft vinnustaðinn góðan og haft góða menningu í hópnum,“ segir hann. Steingrímur segir að það geti verið vandasamt að velja gjafir fyrir þann fjölbreytta starfsmannahóp sem starfar hjá Capacent en að reynt sé að vanda valið á hverju ári. „Það þarf að klóra sér í hausnum á hverju ári yfir því hvað sé skynsamlegast,“ segir hann og hlær.

„Við reynum að velja gjafir sem eru hagnýtar og ýmislegt hefur orðið fyrir valinu í gegnum tíðina. Til dæmis útivistarfatnaður, þráðlaus hátalari og oft höfum við verið með hálfgerðan bókamarkað,“ segir hann.

„Það hefur lukkast rosalega vel því það getur verið erfitt að velja fyrir fólk með ólíkan áhuga og smekk. Þá erum við með helstu jólabækurnar og fólk getur valið sér það sem það langar í,“ segir Steingrímur.





Ásta María Karlsdóttir viðskiptastjóri segir Pennann Eymundsson bjóða upp á allt sem viðkemur jólapakkanum, hvort sem það er gjöfin sjálf eða frágangur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Einstakt úrval fyrir ólík fyrirtæki

**Penninn hefur um árabil boðið upp á mikið úrval vandaðra gjafavara sem eru kjörnar fyrir starfsfólk fyrirtækja. Bækur og ferðatöskur njóta alltaf vinsælda en það er heilmargt annað í boði.**

Fyrirtækjaþjónusta Pennans hefur í mörg ár boðið fyrirtækjum að kaupa gjafir fyrir starfsmenn sína, bæði jólagjafir og alls konar tækifærisgjafir," segir Ásta María Karlsdóttir, viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu Pennans Eymundsson. „Einnig er mikið um að fyrirtæki kaupi gjafir fyrir erlenda gesti sem koma hingað á fundi eða ráðstefnur."

Ásta María segir alla geta fundið eitthvað við hæfi hjá Pennanum. „Fyrirtæki af öllum stærðum finna eitthvað við sitt hæfi hjá okkur. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval gjafavöru og fyrir vikið eru vörurnar á víðu verðbili."

## Vissar vörur sívinsælar

Bækur eru sígildar gjafir ásamt ferðatöskum. „Bækur hafa alltaf verið vinsælar gjafir en einnig ferðatöskur, þar erum við með mikið úrval frá stórum og öflugum birgjum."

Þá séu vörurnar frá svissneska fyrirtækinu Vitra einnig fullkomnar í pakkana. „Hönnunarvörurnar frá Vitra hafa einnig verið mjög vinsælar undanfarið og erum við með mikið og gott úrval frá þeim."

Reglulega komi svo inn nýjar og snjallar vörur, en það séu þó alltaf vissir vöruflokkar sem njóti stöðugra vinsælda. Fyrirtæki geti því verið nokkuð viss um að þær gjafir falli í kramið.

„Á hverju ári bætast síðan við nýjar og skemmtilegar vörur sem eru kannski vinsælar í tvö til þrjú ár, en bækur, ferðatöskur og hönnunarvörur eru alltaf klassískar fyrirtækjagjafir sem ganga ár eftir ár og gleðja starfsmenn."



Eames fuglinn er mikil stofuprýði og því tilvalinn í jólapakkann.

Skittle Bottle brúsarnir eru bæði hagnýtir og fallegir.



Allir verða að eiga góða ferðatösku og er það því gjöf sem aldrei bregst.



## Hugsað fyrir öllu

Ásta María segir Pennann taka starfsfólki fyrirtækja í gjafaleit opnum örmum. „Við tökum vel á móti þeim starfsmönnum fyrirtækja sem taka ákvarðanir um kaup á gjöfum til starfsmanna og bjóðumst til að senda gjafirnar til viðkomandi fyrirtækja."

Fyrirtækin sem nýta sér þjónustu Pennans geta beðið um að fá gjafirnar klárar til afhendingar. Þessi alhliða lausn er því tilvalin fyrir atvinnurekendur sem vilja vandaðar og vel frágengnar gjafir án mikillar fyrirhafnar.

„Við eigum einnig allt utan um pakkann og höfum pakkað inn gjöfum fyrir þau fyrirtæki sem hafa óskað eftir því. Markmið okkar er að hafa kaupferlið eins einfalt og auðvelt fyrir fyrirtækin og hugsast getur."

Þá hvetur hún fyrirtæki til þess að vera tímanlega á ferðinni þar sem ferlið getur, í sumum tilfellum, tekið tíma. „Ég vil endilega benda á að vera ekki of sein að panta, sérstaklega ef um mikið magn er að ræða sem þarf að sérpanta að utan."

## Hagnýt hönnun hittir alltaf í mark

Ásta María bendir á Skittle Bottle brúsana og segir þá þrælsniðuga enda hafi þeir mikið notagildi og hægt er að sérsníða þá eftir óskum hvers og eins fyrirtækis.

„Í sumar byrjuðum við með Skittle Bottle brúsana frá Lund London. Þeir halda heitum vökva heitum í 12 tíma og köldum vökva köldum í 24 tíma. Nú er hægt að láta sérmerkja flöskurnar til dæmis með nafni og fyrirtækjamerki (lógói)."

Þá segir Ásta María óhætt að veðja til dæmis á Eames fuglinn en hann þykir mikil stofuprýði og margir kannast eflaust við hann. „Dæmi um klassíska gjöf sem er tímalaus er Eames House Bird. Í yfir 50 ár var fuglinn á heimili Eames hjónanna áður en hann fór í framleiðslu fyrir hinn almenna markað. Fuglinn hefur slegið í gegn og prýðir heimili um allan heim."

Hægt er að skoða úrvalið á penninn.is og í verslunum Pennans Eymundsson um land allt.

# Líta á jólagjöfina sem umbun

## Samkvæmt könnun sem gerð var í Noregi vilja flestir frekar fá jólagjöf frá vinnuveitanda sínum heldur en að hún fari til hjálparstarfa. Starfsmönnum þykir notalegt að fá góða jólagjöf.

Það hefur tíðkast í Noregi eins og hér á landi að vinnuveitendur færi starfsmönnum sínum glaðning fyrir jólin. Undanfarin ár hefur komið upp sú umræða að þeirri upphæð sem varið er til jólagjafa yrði betur komið í einhvers konar hjálparstarfi. Einn af hverjum þremur var jákvæður fyrir því að jólagjöfin færi í góðan málstað en var samt á því að hún ætti þá að fara í hjálparstarf í nágrenninu, ekki utanlands. Flestir vilja þó fá sína jólagjöf og líta á það sem viðurkenningu fyrir gott starf á árinu.

Þau fyrirtæki sem hafa ákveðið að nota peninginn sem átti að fara í jólagjafir í góðgerðarstarf telja sig með því vera að sýna samfélagslega ábyrgð. Greitt er fyrir menntun barna í þróunarlöndum eða settur peningur í tiltekin verkefni. Aðrir nota upphæðina til að styðja við innlend hjálparsamtök.

Í desember 2016 var gerð könnun meðal 1.005 Norðmanna hjá TNS Gallup um viðhorf til jólagjafa frá vinnuveitendum. Þátttakendur voru á aldrinum 18-68 ára og bjuggu víðs vegar um landið, höfðu mismunandi menntun og heimilistekjur. Sams konar könnun var gerð 2014 en þá svöruðu 60% þátttakenda að þau væru ánægð með að fá jólagjafir frá vinnuveitendum. Árið 2016 voru það 55%. Einungis 6% töldu að það ætti að sleppa jólagjöfum alfarið en voru 8% árið 2014.

Hin dæmigerða manneskja sem vill að jólagjöfin fari til góðgerðarmála er vel menntuð kona. Eldra fólk var frekar á þessari skoðun líka en yngra fólk vildi fá sína jólagjöf.

Mörgum finnst frábært að fá peningagjöf eða matarkörfu enda kosta jólin mikið. Samkvæmt könnun eyða Norðmenn í kringum 150 þúsund krónum í mat og gjafir í desember. Í könnuninni sem gerð var í fyrra sögðust 56% vilja draga úr gjafakaupum. Sjö af hverjum tíu sögðust aldrei hafa keypt notaðar vörur til jólagjafa. Margir voru þó jákvæðir fyrir því að endurnýta hluti. Mikið hefur verið rætt um umhverfismál og sóun. Með því að endurnýta hluti er hægt að gefa persónulega gjöf. Að auki væri það gott fyrir samfélagið og budduna.



Starfsmönnum finnst alltaf spennandi að vita hvað kemur upp úr jólapakkanum. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Mörgum finnst frábært að fá peningagjöf eða matarkörfu enda kosta jólin mikið. Samkvæmt könnun eyða Norðmenn í kringum 150 þúsund krónum í mat og gjafir í desember.**


GJAFAFÉLAGIÐ
VALFOSS
Askalind 4 · 201 Kópavogur · Sími 552 8400



Glæsilegar starfsmannagjafir
Við pökkum inn og komum gjöfinni til þín
KÄHLER ROSENDAHL COPENHAGEN VORHUS HOLME GAARD
stelton heklaíslandi eva solo GLOBAL






Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS


# Gjöf sem veitir hlýju og gleði

## Gjafabréfin frá Lín Design hafa gert mikla lukku hjá starfsmönnum fyrirtækja um jólin enda margt fallegt.

Hjá Lín Design er mikið úrval af glæsilegum, vistvænum vörum. Falleg hönnun er í fyrirrúmi hjá versluninni og gjafavara er alltaf að aukast. Lín Design býður ekki einungis upp á rúmföt úr hágæða Pima bómull, vistvænar dúnsængur og -kodda, heldur einnig glæsileg útsaumuð handklæði, dúka og svuntur.

Hið nýjasta í vörulínu Lín Design eru íslensk ullarteppi framleidd úr íslenskri ull á Hvammstanga. Hægt er að nota teppin bæði sem yfirbreiðslu við sjónvarpið eða sem rúmteppi. Teppin eru prýdd fallegu íslensku mynstri og koma í þremur litum.

Að sögn Ágústu Gísladóttur, sem er annar eigandi Lín Design, hafa fyrirtæki í vaxandi mæli valið nytsamar gjafir í jólapakka starfsmanna eða viðskiptavina. „Rúmfötin eru alltaf vinsæl gjafavara," segir hún. „Hjá Lín Design erum við með sérhönnuð falleg gjafabréf sem hentar mörgum því þá getur fólk komið í verslunina og valið sér gjöf að eigin smekk. Við getum sérhannað gjafapakkningar eftir ósk stærri fyrirtækja og þá fylgir hlýleg kveðja til starfsmannsins," bendir Ágústa á og bætir við að innblástur í hönnun hjá Lín Design sé íslensk náttúra og gömul, íslensk mynstur. „Allar pakkningar eru vistvænar og ekki er notað plast. „Við erum með auk rúmfatnaðar, handklæða og annarrar heimilisvöru glæsilega franska gjafavöru sem nefnast COTE TABLE. Í þeirri línu eru glös, diskar og skrautmunir til að gera heimilið enn fallegra," segir hún.

„Við erum stolt af miklu úrvali af vandaðri og glæsilegri gjafavöru. Í versluninni er boðið upp á persónulega þjónustu og starfsfólkið er reiðubúið að aðstoða við val á vöru. Löng reynsla okkar í hönnun og framleiðslu á vistvænum rúmfatnaði þar sem eingöngu er notuð sérvalin Pima bómull gefur fólki kost á góðum svefni og að því líði vel. Val á rúmfatnaði skiptir nefnilega mjög miklu máli," segir Ágústa.




Falleg gjafabréf frá Lín Design sem eru í umhverfisvænum umbúðum..

> **Hjá Lín Design erum við með sérhönnuð falleg gjafabréf sem hentar mörgum því þá getur fólk komið í verslunina og valið sér gjöf að eigin smekk.**
>
> Ágústa Gísladóttir

Verslunin Lín Design er á Smáratorgi í Kópavogi og síminn er 533 2220, Kringlunni og á Glerártorgi á Akureyri. Skoða má vörur og kaupa í netversluninni lindesign.is og eru þær sendar um allt land. Fylgist með á Facebook.com/lindesign-iceland

# ELKO finnur gjöfina sem hentar

## ELKO býður upp á frábært verð á alls kyns spennandi raftækjum og þar er hægt er að fá sérsniðnar jólagjafir fyrir starfsfólk sem henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Markmið ELKO er að bjóða upp á jólagjafir sem hitta í mark hjá starfsfólki. ELKO hefur einbeitt sé að því að lækka verð á raftækjum fyrir almenna neytendur síðustu 20 ár og ákvað að stofna sérstakt fyrirtækjasvið í desember í fyrra til að gera það sama fyrir fyrirtæki.

„Við bjóðum upp á spennandi vörur í öllum verðflokkum frá þekktustu raftækjaframleiðendum heims, þannig að við getum sérsniðið jólagjafir fyrir starfsfólk fyrirtækja í öllum stærðargráðum,“ segir Stefán Pétur Kristjánsson, formaður fyrirtækjasviðs ELKO. „Til að hafa þetta eins einfalt og hægt er þá bjóðum við líka upp á innpökkun á gjöfinni, þannig hún sé tilbúin til afhendingar.

Ef svo vill til að gjöfin hitti ekki í mark hjá einhverjum, þá tökum við á móti henni aftur með bros á vör til 24. janúar á næsta ári, en það köllum við Brostryggingu ELKO,“ segir Stefán. „Ef um mikið magn jólagjafa er að ræða þá getum við hæglega sérpantað vörurnar fyrir þig, gert þér enn betra tilboð og skoðað sérstaklega hvaða skilaþjónustu væri hægt að bjóða.“



ELKO býður frábært úrval og verð á raftækjum og Stefán getur sérsniðið jólagjafir fyrir fyrirtæki sé þess óskað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Margar hentugar gjafir í boði

ELKO býður upp á margar spennandi vörur sem geta hentað sem jólagjafir fyrirtækja. „Við erum með rosalega stóra bakhjarla og aðgang að stærsta raftækjalager á Norðurlöndunum, en hann er í Svíþjóð og er 107 þúsund fermetrar, eða sirka átján fótboltavellir,“ segir Stefán. „Þessi lager fóðrar tæplega 300 verslanir á Norðurlöndunum og þar komumst við í verð sem fáir aðrir hafa aðgang að.

Það eru nokkrar vörur sem eru sérlega vinsælar fyrir þessi jól. „Chilly's fjölnota vatnsflöskurnar hafa til dæmis verið rosalega vinsælar fyrirtækjagjafir, ekki bara fyrir jólin,“ segir Stefán. „Þær eru úr stáli, halda köldu í 24 tíma og minnka plastnotkun. Margir sem vilja taka rétt skref fyrir umhverfið hafa því gefið starfsfólki sínu slíkar flöskur.

Þráðlausu Marshall-hátalarnir okkar eru líka vinsælir og þeir fást í ýmsum stærðum og útfærslum, bæði með Bluetooth og Wi-Fi, sem gerir það mögulegt að tengja marga saman,“ segir Stefán. „Hátalararnir eru glæsilegt stofustáss því þeir hafa fallegt útlit sem minnir á gömlu Marshall-gítarmagnarana. Það eru til ýmsar útgáfur á ólíku verði, allt frá um 35 þúsund krónum upp í 80 þúsund krónur stykkið.

Margir þekkja orðið BOSE-heyrnartólin, en þau eru afar vinsæl, sérstaklega fyrir skrifstofur. Þau gera manni kleift að slökkva á öllum kollegunum með einum takka þegar maður þarf að einbeita sér,“ segir Stefán.

„Þetta eru mest seldu heyrnartól í heimi og það var að koma ný útfærsla, NC700, sem bætir símtalsgæði til muna með því að bæta við hátölurunum og það er líka betri hljóðeinangrun í þeim, svo að skvaldur heyrist ekki í gegnum þau. Það er þægilegt að vera með þau á sér til lengri tíma og rafhlaðan endist í 20 tíma, svo þau henta vel fyrir vinnu. Við höldum líka áfram að bjóða upp á Quiet Comfort 35 heyrnartólin frá BOSE, þau eru virkilega góð og vönduð, en aðeins ódýrari,“ segir Stefán.

„Við vorum líka að taka inn nýtt kerfi frá Samsung sem heitir SmartThings en það virkar þannig að maður byrjar á að kaupa hub og svo geturðu tengt allar snjalllausnir heimilisins við hann, þ. á m. Philips Hue ljósakerfi, öryggismyndavélar, lekaskynjara og hurðaopnara,“ segir Stefán. „Svo er hægt að stjórna þessu með snjallforriti í símanum og setja upp alls kyns stillingar, eins og til dæmis að láta kerfið kveikja á ljósum og tónlist og byrja að hella upp á kaffi þegar maður vaknar á morgnana, eða að láta ljós kvikna þegar þú kemur og slokkna þegar þú ferð með hjálp hreyfiskynjara.

Dagljósalamparnir eru alltaf klassísk jólagjöf á þægilegu verði, frá sjö þúsund krónum upp í 25 þúsund,“ segir Stefán. „Þar sem við búum á landi þar sem getur orðið svolítið dimmt og mikið skammdegi þá er þægilegt að geta notað lampann til að vakna við fuglasöng og sólarupprás. Það er ekki hægt að neita því að það gerir mikið fyrir sálartetrið. Þessi lampar hafa slegið í gegn, enda græða allir á þessu, líka fyrirtækin, því fólk kemur mun ferskara til vinnu á morgnana.

Við bjóðum líka upp á mikið úrval snjallúra, sem hafa notið síaukinna vinsælda síðustu ár,“ segir Stefán. „Við erum með margar ólíkar gerðir á fjölbreyttu verði, þannig að allir ættu að geta fundið úr við sitt hæfi.“

### Sérsníða gjafir fyrir fyrirtæki

„ELKO býður upp á klæðskerasaumaðar fyrirtækjagjafir. Það þýðir að fólk getur haft samband við mig beint í gegnum stefan@elko.is og gefið mér helstu upplýsingar um fyrirtækið og þá komum við með tillögur sem henta fyrirtækinu,“ segir Stefán. „Það er hægt að fá fyrirtækjagjafir allt frá 2.000 krónum upp í eins mikið og fólk vill, þannig að það ætti að vera auðvelt að finna gjöf á réttu verði.“



Það er hægt að tengja SmartThings kerfið við ýmislegt á heimilinu með sérstökum fjölnota skynjara.



Quiet Comfort 35 heyrnartólin frá BOSE eru góð og vönduð og ódýrari en nýjasta gerðin frá BOSE.



NC700 er nýjasta útfærslan af mest seldu heyrnartólum í heimi. Þar eru símtalsgæði bætt til muna og það er líka betri hljóðeinangrun í þeim.



Þessar fjölnota vatnsflöskur úr stáli frá Chilly's eru vinsælar, þægilegar og minnka plastnotkun.




Þráðlausu Marshall-hátalarnir hafi sígilt og glæsilegt útlit og geta virkað sem prýðilegt stofustáss.



**Ekki er amalegt að njóta kyrrðar og slökunar í heitum potti eftir líkamsrækt eða nudd. Allir fá notalegt herðanudd í pottunum. Hjá Reykjavík Hilton Spa eru einnig útipottar fyrir gesti.**

# Gefðu góða heilsu í jólagjöf

Reykjavík Hilton Spa er með fjölbreytt úrval af gjafabréfum sem henta vel til tækifærisgjafa og sem fyrirtækjagjafir. Alls kyns upplifun og frábær þjónusta er í boði í glæsilegum húsakynnum.

Gjafabréf fást þar í bæði snyrti- og nuddmeðferð, en ekki síður í líkamsræktarstöðina þar sem er hægt að gefa aðgang í allt frá mánuði til eins árs. Ragnheiður Kristín Guðmundsdóttir, deildarstjóri Reykjavík Hilton Spa, segir að í ár verði þau með þá nýjung að bjóða upp á gjafabréf á ýmiss konar námskeið. „Við erum til dæmis með námskeið fyrir 60 ára og eldri, svo verðum við með golfnámskeið í janúar, það hentar þeim sem ætla af stað í golftímabilið næsta vor. Við erum líka með alls konar lífsstílsnámskeið. Þannig að við erum með gríðarlega mikið af gjafabréfum í boði."

## Hægt að leysa út gjafabréfin eftir eigin vali

Hilton Reykjavík Spa er með stærstu nuddstofu landsins þar sem er boðið upp á alls kyns nuddmeðferðir, allt frá íþróttanuddi og yfir í steinanudd. „Svo erum við með stóra og öfluga snyrtistofu." Á meðan það er hægt að kaupa gjafabréf í eitthvað eitt af því mörgu sem Hilton Reykjavík Spa hefur upp á að bjóða, er líka hægt að gefa gjafabréf upp á ákveðna upphæð sem er hægt að leysa út eftir eigin vali. „Þeir sem fá þau gjafabréf geta þá komið og leyst þau út hjá okkur á Hilton Reykjavík Spa, eða hjá fleiri eignum sem eru innan okkar vébanda. Til dæmis er hægt að nota gjafabréfin á Vox veitingastaðnum okkar. Þannig að í rauninni eru þau gjafabréf ávísun sem er hægt að nota á fleiri stöðum."

Auk gjafabréfanna er Hilton Reykjavík Spa með alls konar gjafavöru í boði eins og líkamsræktarvörur eða snyrtivörur. Ragnheiður leggur áherslu á að það er einstaklega sniðugt að gefa heilsu í jólagjöf sem verður eflaust mörgum ofarlega í huga eftir jólamatinn og nudd er eitthvað sem allir hafa gott af. „Nudd er líka líkamsrækt. Einnig erum við með gjafabréf í heilsulindina okkar en það felur í sér aðgang að heitum pottum, með herðanuddi, köldum potti, flotlaug, saunu og vatnsgufu. Gjafabréfin okkar gilda í alla okkar þjónustu. Við erum með fjöldann allan af samsettum gjafabréfum, til dæmis:



**Teygjur og slökun með sérþjálfuðu fagfólki.** MYNDIR/REYKJAVÍK HILTON SPA



**Allir sem kaupa meðlimakort geta notið leiðsagnar þjálfara í sal.**

**■ Upplifun 1 – Fallegar hendur og flottar tær**
Dekur fyrir hendur og fætur. Neglur þjalaðar, naglabönd löguð og hendur nuddaðar. Naglalakkað ef óskað. Fætur eru settir í vatn, neglur snyrtar, sigg tekið, naglabönd löguð og fætur nuddaðir. Neglur lakkaðar ef óskað er.

Handsnyrting og fótsnyrting – 19.600 kr.

**■ Upplifun 2 – Slakandi nudd og hand- eða fótsnyrting**
Í lúxus handsnyrtingu eru hendurnar djúphreinsaðar, neglur þjalaðar og pússaðar og naglabönd löguð. Hendur og handleggir nuddaðir og settir í parafínvax. Í lúxus fótsnyrtingu eru fætur settir í vatn og þeir skrúbbaðir, neglur snyrtar, sigg tekið og naglabönd löguð. Parafínvax sett á fætur og þeir nuddaðir. Klassískt vöðvanudd þar sem leitast er við að mýkja vöðva, örva blóðrás og sogæðavökva.

Lúxus hand- eða fótsnyrting og 50 mín. nudd – 24.900 kr.

**■ Upplifun 3 – Endurnærandi fyrir hann eða hana**
Dekrað við allan líkamann. Stutt útgáfa af andlitsbaði. Andlitið er yfirborðs- og djúphreinsað. Andlit er nuddað og maski settur á. Klassískt vöðvanudd þar sem leitast er við að mýkja vöðva, örva blóðrás og sogæðavökva.


Fyrirtækjagjafir sem slá í gegn
101 Art Deco 32 mm
armbandsúr með krókódílaól
101 32 og 38 mm
armbandsúr með stálól
Sif NART 1948
1000 m. vatnsþétt
Gilbert úrsmiður býður upp á glæsilegt úrval íslenskra gæða armbandsúra frá JS Watch Co. Reykjavik og ARC-TIC Iceland.
Tilvalið fyrir fyrirtæki sem vilja verðlauna starfsfólk sitt á tímamótum og gefa gjöf sem endist.
Persónuleg þjónusta og einstök vöruþekking er aðalsmerki okkar.
Skoðaðu úrvalið á www.gilbert.is
Frisland Classic
með brúnum strútsfót
Frisland 1941
með svartri Pilot ól
ARC-TIC Iceland
Retro úr í úrvali
Verð frá 29.900,-
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100


GEFÐU ÍSLENSKA HÖNNUN SEM KEMUR AÐ GÓÐUM NOTUM
REYKJAVIK
RAINCOATS
SENDU OKKUR PÓST Á INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
EÐA HRINGDU Í OKKUR Í SÍMA 571 1177
OG VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ VELJA RÉTTU
GJÖFINA FYRIR ÞIG OG ÞITT STARFSFÓLK
REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177



Glæsilegar pönnur og skurðarbretti, mortél og sleifar í eldhúsið.



Viðloðunarfrí stálpanna.



Litrík, eldföst mót í matseldina.



Vandaðar töskur fyrir öll lífsins tilefni eru góð og eiguleg jólagjöf.

# Allir velja þá eitthvað fallegt

Gjafakort Margt smátt hefur gjörsamlega slegið í gegn. Það er skemmtileg nýjung á jólagjafamarkaðnum og hefur hitt fyrirtæki og starfsfólk þess í hjartastað.

Við erum að selja fyrirtækjum gjafakort þar sem starfsmenn þeirra velja sér draumagjöfina sem þá langar í eða jafnvel bráðvantar í búið,“ segir Árni Esra Einarsson, eigandi Margt smátt.

Alls er úr 700 gæðavörum að velja og hægt að velja fjögur misverðmæt gjafa- og jólakort.

„Á bak við hvert kort sem gefið er má velja úr hundrað mismunandi gjöfum í nokkrum vöruflokkum til að setja í jólapakkana sem sendir eru heim að dyrum starfsmannsins,“ upplýsir Árni Esra sem hjá Margt smátt jafnvel sérhannar gjafakort og jólakort með vörumerki og jólakveðju frá fyrirtækjum sem velja að gleðja starfsfólk sitt með jólapakka frá Margt smátt.

„Við erum með sérhannað vefviðmót með vörumerki og kveðju frá fyrirtækinu og varan sem sést á síðunni er alltaf til á lager,“ útskýrir Árni Esra, en kostnaður við gjafakortið kemur ekki fram á jólakortinu til þess sem þiggur gjöfina.

„Gjafakort Margt smátt er ávísun á verðmæti – ekki peninga, og þiggjandinn getur líka valið um að upphæðin renni til góðgerðarmála,“ segir Árni Esra.

### Jólagjöf sem verður notuð

Hjá Margt smátt fást vandaðar og fallegar gjafir fyrir breiðan aldurshóp.

„Allt eru það þekkt vörumerki og gaman að segja frá því að heimtur á gjöfum sem ánægt starfsfólk sækir með gjafakortinu sínu er að meðaltali 94 prósent. Þetta er því frábær kostur fyrir fyrirtæki sem uppskera himinlifandi starfsmenn á jólunum og ákaflega einfalt og þægilegt í alla staði,“ segir Árni Esra.

Hann segir ótvíræðan kost fyrir fyrirtæki að þurfa ekki að pakka inn jólagjöfunum.

„Gjafakortið einfaldar mjög alla dreifingu, sérstaklega hjá fyrirtækjum sem eru dreifð um landið eða með útibú í útlöndum. Öll vinna við undirbúning og afhendingu verður létt og skemmtileg,“ segir Árni Esra.

„Það að starfsmaðurinn velji sjálfur sína gjöf eykur til muna líkurnar á að gjöfin verði notuð. Því má segja að það sé sterkur umhverfisvænn punktur að gefa gjafakort Margt smátt þar sem gjöfin endar ekki ónotuð í geymslunni,“ segir Árni Esra innan um ómótstæðilegt vöruúrval sem Margt smátt býður upp á.

„Við teljum okkur vera með lausn sem mannauðsdeildir fyrirtækja hreinlega elska og einfaldar alla vinnu til muna sem fylgir því að velja og dreifa jólagjöfum til starfsmanna. Þetta eru vörur sem fást ekki í hefðbundnum verslunum og hægt er að velja af handahófi sem gerir þetta prógramm enn skemmtilegra fyrir starfsmanninn. Það er heildsöluverð á vörunum þannig að ef varan kostar 5.000 krónur hjá okkur má reikna með að sambærileg vara kosti að minnsta kosti 10 þúsund krónur í verslunum.“

Nánari upplýsingar má finna á margtsmatt.is.




Árni Esra Einarsson er eigandi Margt smátt sem gefur út gjafakort sem hafa hitt í mark. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

- Allir finna eitthvað við sitt hæfi og velja sér sitt uppáhald í einfaldri vefverslun
- Yfir 700 gæðavörur í boði
- Á bak við hvert kort eru um 100 mismunandi gjafir í nokkrum vöruflokkum.
- Mjög vandaðar og fallegar gjafir, m.a. þekkt vörumerki fyrir breiðan aldurshóp
- Gjafakort Margt smátt er ávísun á meiri verðmæti en kostnaðinn á bak við þau
- Mjög einfalt og þægilegt í alla staði, gjöfin send heim að dyrum starfsmanns



**Það þarf ekki endilega að grilla úti þegar maður á svo verklega og vandaða grill-pönnu fyrir steikurnar.**



Ofursvöl svunta gerir eldhússtörfin skemmtilegri.



Glæsilegur borðbúnaður fæst í úrvali fyrir hvunndags og spariileg tilefni.



Góð taska í ferðalög og tómstundir er þarfaþing.



Undurfögur kristalsglös og kanna í stíl.



Snyrtitaska, tölvutaska og ferðataska.



Töff skurðarbretti í mörgum stærðum passa vel undir eldföstu mótin.




Fallegir og góðir pottar setja mikinn sjarma á eldhúsið.



**Baðsloppar og rúmfatnaður eru meðal þess sem velja má með Gjafakorti Margt smátt.**




**Falleg ilmkerti eru vinsæl gjöf og gefa heimilinu nota-legan blæ.**



Lóð og líkamsræktartæki gefa nýárinu góð fyrirheit um betri lífsstíl.



Eitursvalir bakpokar og töskur fyrir dagsins annir.









Stefán Örn Gíslason, verkefnastjóri hjá UNICEF, segir æ fleiri kaupa Sannar gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Færist í vöxt að fyrirtæki gefi Sannar gjafir

**Stefán Arnar Gíslason segir aukast að fyrirtæki gleðji starfsfólk sitt með Sönnum gjöfum frá UNICEF. Hann segir hugarfarsbreytingu gagnvart umhverfi og neysluhyggju líklega ástæðu. Gjafirnar eru í formi gjafabréfs fyrir hjálpargögnum.**

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is

Á hverju ári eru einhver fyrirtæki sem nýta sér þetta hjá okkur og það hefur farið vaxandi síðastliðin ár,“ segir Stefán Örn Gíslason, verkefnastjóri fyrirtækjasamstarfs hjá UNICEF.

UNICEF hefur í áraraðir boðið bæði einstaklingum og fyrirtækjum upp á Sannar gjafir. Sem dæmi um gjafirnar má nefna jarðhnetumauk, bólusetningar, námsgögn og moskítónet.

„Sannar gjafir eru gjafabréf fyrir hjálpargögnum sem fyrirtæki og einstaklingar geta gefið sem gjafir og svo sendir UNICEF hjálpargögnin á vettvang þar sem þörfin fyrir þau er brýnust hverju sinni,“ segir Stefán.

„Vöxturinn í Sönnum gjöfum hefur síðastliðin ár verið hraðari hjá einstaklingum en fyrirtækjum en það virðist þó vera að einhver hugarfarsbreyting sé að eiga sér stað í þessum efnum,“ segir Stefán.

> **Okkar reynsla er sú að þetta hafi vakið mikla lukku hjá starfsfólki.**

„Þetta er ekki eitthvað sem ýtir undir neysluhyggju og þetta er ekki munaðarvara heldur eitthvað sem er lífsnauðsynlegt fyrir börn á svæðum þar sem mikil neyð ríkir,“ segir Stefán.

„Það er mikil umræða um það í samfélaginu að minnka þurfi neyslu á sama tíma og við virðumst ekki ætla að hætta að gefa hvert öðru gjafir. Þetta er mögulega lausn á því, gjafir sem í rauninni gefa áfram,“ segir hann.

„Við höfum sérstaklega séð aukningu í því að fyrirtæki bæti Sönnum gjöfum við gjafirnar sem þau eru að gefa starfsmönnum sínum. Einn valmöguleiki er að gera merkimiðann merkilegan,“ segir hann og brosir. „Með því á ég við að flest fyrirtæki eru að gefa afar veglegar gjafir á jólunum og við önnur tilefni og þeim fylgja kort eða merkimiðar til starfsmanna. Fyrir til dæmis 500 krónur er hægt að gera merkimiðann að Sannri gjöf sem inniheldur vatnshreinsitöflur sem hreinsa fimm þúsund lítra af vatni,“ bætir Stefán við.

„Okkar reynsla er sú að þetta hafi vakið mjög mikla lukku hjá starfsfólki,“ segir Stefán. „Svo skemmir ekki fyrir að Sannar gjafir UNICEF teljast stuðningur til góðgerðarmála svo fyrirtæki geta nýtt þær til skattaafsláttar,“ segir Stefán að lokum.

# GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU




STUTTUR AFHENDINGARTÍMI

**SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI**

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf
með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

# Heimalagaður sælkeramatur í jólapökkum

## Lux veitingar er alhliða veisluþjónusta sem fagnar eins árs afmæli í desember á þessu ári.



Eigendur Lux veitinga eru þeir Viktor Örn Andrésson og Hinrik Lárusson matreiðslumenn.

Eigendur Lux veitinga eru þeir Viktor Örn Andrésson og Hinrik Lárusson. Viktor Örn er einn virtasti matreiðslumaður Íslands. Hann hlaut til að mynda titilinn kokkur ársins árið 2013 og vann Norðurlandameistaramót matreiðslumanna árið 2014. Viktor náði einnig einum besta árangri íslensks matreiðslumanns þegar hann hlaut bronsverðlaun í hinni virtu matreiðslukeppni Bocuse D'or árið 2017. Viktor hefur verið í landsliði matreiðslumanna frá árinu 2009 og hreppti landsliðið til að mynda gull- og silfurverðlaun á heimsmeistaramóti matreiðslumanna í Lúxemborg árið 2014.

Hinrik er einn færasti matreiðslumaður landsins þrátt fyrir ungan aldur. Hann sigraði í keppni Kokkanema ársins 2017 og landaði silfri í norrænu nemakeppninni árið 2018. Hann var jafnframt aðstoðarmaður Viktors Arnar á Bocuse D'or keppninni árið 2017 þar sem þeir unnu til bronsverðlauna. Hinrik var einnig í landsliði matreiðslumeistara árið 2018 þar sem liðið vann til gullverðlauna og nú síðast vann Hinrik Evrópukeppnina í matreiðslu árið 2018.

Í fyrsta sinn ætla Lux veitingar að bjóða fyrirtækjum að kaupa sælkerapakka til að gefa starfsmönnum í jóla- eða áramótapakka. Viktor segir að í boði verði tvenns konar jólapakkar og einn steikarpakki. „Í pakkanum verða til dæmis heimalagaðar sósur, grafinn lax og kjöt, reyktur lax, ostar og sultur. Við leggjum mikið upp úr því að allt sé heimalagað, þannig að við til dæmis gröfum og reykjum laxinn sjálf. Við gerum allt frá grunni.“

Síðastliðið ár hafa Lux veitingar séð um veitingar í allt frá árshátíðum og jólahlaðborðum, í brúðkaup og alls konar pinnaveislur. „Okkar helstu verkefni síðasta ár eru árshátíðir og alls konar sérhæfðar veislur eins og brúðkaup. Síðan erum við með ráðgjafarþjónustu fyrir fyrirtæki. Við erum til dæmis að vinna með Foodco í að hanna og þróa rétti fyrir þau, ásamt því að þróa matvöru fyrir ýmis fyrirtæki. Svo sjáum við um reksturinn á golfskálanum Oddi í Urriðaholti,“ en þar er veislusalur sem Lux veitingar eru með opinn á veturna.



Borðin svigna undan veislumatnum.



Glæsilegur veislumatur hjá Lux veitingum. Fjölbreyttar veislukörfur eru í boði fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Lux jólakarfa

- Graflax og graflaxsósa
- Heitreykt bleikja og piparrótarsósa
- Villibráðarpaté
- Reykt andabringa
- Ostar og kex
- Hamborgarhryggur
- Hangikjöt

### Lux sælkerakarfa

- Humarsúpa 1 lítri
- Graflax og graflaxsósa
- Heitreykt bleikja og piparrótarsósa
- Villibráðarpaté
- Bláberjagrafin gæsabringa
- Cumberlandsósa
- Ostar og kex
- Reykt andabringa
- Sultaður laukur

### Lux veislukarfa

- Humarsúpa 1 lítri
- Bláberjagrafin gæsabringa
- Naut Wellington
- Villisveppasósa
- Trufflu-kartöflugratín
- Blandaðir sveppir

Jólapakkarnir koma í þægilegum og stílhreinum umbúðum.

### Pantanir hafa margfaldast

Viktor segir mest vera að gera í pöntunum á veisluþinnamat, fyrir stærri veislur og fyrirtæki. „Við erum mikið í því að þjónusta standardi pinnaveislur fyrir 500 til 600 manns.“ Viktor segir að þjónustan sé á pari við markaðsverð, en verðið fer auðvitað eftir því sem fólk pantar. „Það er mikið atriði hjá okkur að vera með gott hráefni, sem kostar alltaf aðeins meira en annars flokks gæði.“

Í síðustu viku færðu Lux veitingar enn út kvíarnar og opnuðu veitingabásinn Möns í Mathöllinni á Höfða. Þar er boðið upp á hlaðborð af heimilismat í hádeginu og streetfood á kvöldin. Aðspurður

> Þjónustan hefur farið ört vaxandi og það er nóg að gera hjá okkur. Eftirspurnin eftir veislum í heimahúsum og hjá fyrirtækjum er mikil.

hvað Lux veitingar eru bestar í að gera segir Viktor léttur í bragði að þau séu best í öllu. „Við erum með mikinn metnað og ástríðu fyrir því sem við gerum, þannig að við tökum öllum verkefnum mjög alvarlega og leggjum allt í að gera okkar besta fyrir kúnnann.“

Frá byrjun hafa pantanir á þjónustu margfaldast hratt. Lux veitingar hafa farið frá því að sinna bara veislum um helgar og yfir í að fá pantanir alla daga vikunnar. „Þjónustan hefur farið mjög vaxandi og það er orðið gríðarlega mikið að gera hjá okkur. Eftirspurnin eftir veislum í bæði heimahúsum og hjá fyrirtækjum er mjög mikil.“ Viktor segir margar skemmtilegar pantanir koma inn, enda er veisluþjónustan mjög opin fyrir því að fólk fái að sérsníða matseðilinn að sinni veislu. Um daginn var til dæmis pantaður matur fyrir halloween-veislu, þar sem allur maturinn á að líkjast einhverjum listaverkum. „Við fáum margs konar pantanir af því sem fólki dettur í hug. Það er mjög gaman.“

### Sérsníða veitingar að hverri veislu

Bráðlega verður opnuð heimasíða Lux veitinga, luxveitingar.is. Þó að það verði matseðill á þeirri síðu leggur Viktor áherslu á að þjónustan eigi að vera sniðin að hverjum og einum. „Oftast er það þannig að fólk fær einhverjar hugmyndir að veitingum og við vinnum út frá þeim.“

Hægt er að panta þjónustu Lux veitinga í gegnum Facebook og svo er líka hægt að fylgjast með þeim á Instagramreikningi þeirra, lux_veitingar. Hafi fyrirtæki áhuga á að panta jólapakka eða áramótapakka er best að senda tölvupóst á veitingar@luxveitingar.is, pakkarnir verða svo afhentir á umsömdum tíma.

Fyrir frekari upplýsingar sendið póst á veitingar@luxveitingar.is


70 ára
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gefðu upplifun og ævintýri
Gjafakort
Njóttu vel
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gjafakort í Þjóðleikhúsið hentar öllum enda ávísun á upplifun og ævintýri. Úrval sýninga til að velja úr á hverju ári með gjafakorti sem rennur aldrei út.
Fáðu tilboð fyrir hópinn þinn á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200
Þjóðleikhúsið, leikhúsið þitt
Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

# Hlý gjöf fyrir íslenskt veðurfar

**Vinsælt er að gefa starfsmönnum gjafabréf í Cintamani í jólagjöf. Fyrirtækið heldur upp á 30 ára afmæli á þessu ári og eru allar vörur þrautreyndar af íslensku útivistarfólki og hannaðar fyrir íslenskt veðurfar.**



**Jóhann Gunnarsson, sölustjóri fyrirtækjasviðs hjá Cintamani, er hér í versluninni með fallegan útivistarfatnað á bak við sig.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhann Gunnarsson, sölustjóri fyrirtækjasviðs hjá Cintamani, segir að mörg fyrirtæki hafi tekið upp þann sið að gefa starfsfólkinu hlýja útivistargjöf í jólagjöf. „Við erum með vetrarúlpur, vandaðar peysur og ýmsan útivistarfatnað. Öll efni sem við notum uppfylla þarfir þeirra kröfuhörðustu og mikil áhersla er lögð á gæðaeftirlit," segir hann. „Allur fatnaður Cintamani er hannaður með það að leiðarljósi að hann standist íslenska veðrið sem getur verið erfitt og síbreytilegt. Úlpurnar henta öllum aldri allt árið um kring. Einnig erum við með frábærar peysur sem henta vel í vinnuna," segir Jóhann. „Þá hefur Cintamani anórakkur sem nefnist Tinna verið mjög vinsæll enda þægilegur klæðnaður. Sömuleiðis úlpurnar okkar sem nefnast Elna og Andrés. Fólk er farið að þekkja vörurnar okkar og kemur aftur og aftur," segir hann.

„Í þrjátíu ár hefur Cintamani staðið framarlega í að framleiða fatnað fyrir konur, karla og börn og vörurnar eru í stöðugri þróun. Þær hafa fengið frábærar viðtökur. Við höfum verið öflugir í fyrirtækjagjöfum og gerum tilboð ef þess er óskað. Við veitum góða þjónustu og aðstoðum fyrirtæki í vali á vörum til gjafa," bendir Jóhann á.

Cintamani er með mikið vöruúrval þannig að flestir finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða útivist, skíði, göngur og annað eða bara hlýja hversdagsflík. „Allar þessar vörur eru mjög klæðilegar og fara vel. Það er einfalt að fara inn á vefverslun okkar og velja sér réttu flíkina en við sendum hvert á land sem er," segir Jóhann.

Cintamani er með fimm verslanir, í Bankastræti 7, Kringlunni, Smáralind, Austurhrauni 3 í Garðabæ og Skipagötu 5 á Akureyri.

Skoðið endilega vefverslunina www.cintamani.is en þar má sjá fjölbreytt vöruúrval fyrir alla fjölskylduna.

# Í hátíðarskapi á vinnustaðnum

**Þegar dagarnir styttast og jólin eru handan við hornið, eykst álagið, umferðin þyngist og veskið léttist. Það er því sjaldan jafn mikilvægt að gera sér glaðan (vinnu)dag eins og um hátíðirnar.**

Meirihluti vinnustaða gefur starfsfólki sínu jólagjafir en það eru fleiri atriði sem geta gert þennan tíma árs enn gleðilegri. Það er alltaf ánægjulegt að brjóta upp daginn og eykur það bæði jákvætt andrúmsloft og afköst á vinnustöðum.

Hér eru nokkrar hugmyndir að viðburðum sem eru einfaldir í framkvæmd.

■ **Slökun** Jólunum getur fylgt mikil streita og því er kjörið að leita leiða til að hjálpa starfsfólki að slaka á og auka bæði lífsgæði og starfsánægju. Það er til dæmis hægt með því að bjóða upp á stutt nudd, jógatíma eða hugleiðslustund.

■ **Vinaleikur** Leynivinaleikurinn er sígildur en hann fer yfirleitt þannig fram að starfsfólk dregur miða af handahófi með nafni vinnufélaga og reynir svo að sjá til þess að gleðja viðkomandi til dæmis yfir eina viku. Glaðningur getur verið í formi lítilla gjafa, fallegra skilaboða eða bara eitthvað sem gæti gert daginn aðeins betri fyrir leynivininn. Þá er gaman að hafa smá viðburð þegar leynivinirnir eru afhjúpaðir. Þetta er því kjörið sem eins konar forleikur í aðdraganda jólahlaðborðs.

■ **Vettvangsferðir** Þá er alltaf upplífgandi að fara úr húsi og breyta um umhverfi. Hægt er að fara á skauta eða í hópferð á jólamynd svo eitthvað sé nefnt.



**Það er margt hægt að gera til þess að bæta starfsog jólaanda á vinnustöðum.** NORDICPHOTOS/GETTY

■ **Búningakeppni** Það er gaman að breyta til og á jólunum er hægt að efna til samkeppni um það hver geti verið sem jólalegastur til fara, nú eða hver eigi ljótustu jólapeysuna.

■ **Jóla-spurningakeppni** Hægt er að efna til spurningakeppni þar sem starfsmönnum er skipt í lið sem keppast svo við að svara spurningum sem allar tengjast jólunum á einhvern hátt.

■ **Heilsuátak** Jólamaturinn verður seint talinn hollur. Óhóflegt framboð af sykruðum smákökum, konfekti og reyktu kjöti sem skolað er niður með gosdrykkjum og jólabjór gerir það að verkum að mörgum líður hreinlega illa eftir hátíðirnar. Það væri því ekki úr vegi að sjá til þess að starfsfólk hafi aðgang að heilnæmum mat á borð við næringarríka hristinga og súpur. Hægt er að hafa hlaðborð þar sem allir koma með eitthvað hollt, og jafnvel fara í vatnsdrykkjuátak eða -keppni, þó innan skynsamlegra marka.

Þá getur líka verið skemmtilegt að reyna að höfða til sem flestra skilningarvita á meðan á vinnu stendur, hvort sem það er með tónlist eða ilmandi smákökum. Þetta þarf ekki að vera flókið en skilar sér margfalt.

### Til umhugsunar

Það er víst aldrei hægt að höfða til allra en það er ýmislegt sem gott er að hafa í huga, svo tillit sé tekið til sem flestra.

■ Ef það er eitthvað sem fólk hefur yfirleitt ekki nóg af í aðdraganda jólanna, að undanskildum peningum, þá er það tími. Því er ráð að hafa hópefli eða aðra viðburði á meðan á vinnutíma stendur, sé það mögulegt, eða, séu viðburðirnir utan vinnutíma, sjá til þess að starfsfólk fái frí á móti.

■ Þá má einnig leiða hugann að þeim stóra og sívaxandi hóp fólks sem neytir ekki dýraafurða og gæta þess að það séu veitingar og annað slíkt í boði sem hentar þeim hópi.

■ Líkt og með dýraafurðir er einnig stór hópur fólks sem kýs að neyta ekki áfengis og því mikilvægt að gera ráð fyrir því að viðburðir eða aðrar uppákomur tengdar vinnunni snúist ekki bara um að fá sér í glas með vinnufélögunum. Léttkennt eða jafnvel allsgáð hópefli þarf ekki að vera verra, nema síður sé.

■ Í fjölmenningarsamfélagi er gott að hafa hugfast að það líta ekki allir sömu augum á hátíðarnar. Margir trúar- og menningarhópar neyta til dæmis ekki svínakjöts en það er oft mikið um það á jólunum.

■ Þá eru sumir sem eiga hreinlega erfitt um hátíðarnar af ýmsum ástæðum, hvort sem það er vegna fjölskyldu- eða fjárhagsstöðu svo eitthvað sé nefnt. Hátíðirnar eru tilvalinn vettvangur til þess að sýna öðrum umburðarlyndi og kærleik, sérstaklega þeim sem gætu upplifað sig utangarðs. Gleymum ekki litlu stúlkunni með eldspýturnar.



Guðmundur segir að Heimkaup.is bjóði upp á yfir 50.000 mismunandi vörur, þannig að þar geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gjöf sem hittir í mark

**Það getur verið erfitt að gera öllum til geðs og því gefa fyrirtæki sem vilja vera örugg með að hitta í mark starfsfólki gjafabréf frá Heimkaup.is. Með gjafabréfi fær starfsfólkið að velja, en úrvalið er hvergi meira en á Heimkaup.is.**

> **Fyrirtæki fá magnafslátt eftir því hversu mörg eða hve verðmæt bréf eru keypt og nemur afslátturinn allt frá 8% upp í 22%.**
> Guðmundur Magnason




**Einhvern vantar hlýja úlpu, meðan sumir væru til í bók og enn aðrir vilja gera vel við sig í mat og drykk.**

Það getur verið erfitt að finna gjöf sem hentar öllum,“ segir Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri Heimkaup.is. „Einhvern vantar hlýja úlpu, meðan sumir væru til í bók og enn aðrir vilja gera vel við sig í mat og drykk. Heimkaup.is bauð fyrirtækjum gjafabréf til jólagjafa í fyrsta skipti fyrir jólin í fyrra og það er óhætt að segja að það hafi mælst vel fyrir – bæði hjá fyrirtækjum og ekki síður hjá starfsfólkinu!“





## Hittir í mark hjá öllum

„Með því að gefa gjafabréf á Heimkaup.is hittir gjöfin klárlega í mark, því Heimkaup.is býður landsins mesta úrval – punktur!“ segir Guðmundur. „Í hillum vefverslunarinnar eru yfir 50.000 mismunandi vörur þannig að þar munu allir finna eitthvað við sitt hæfi. Til samanburðar má nefna að stærstu íslensku stórmarkaðirnir bjóða upp á innan við 15.000 vörunúmer á hverjum tíma.“



## Magnafsláttur fyrir fyrirtæki

„Fyrirtæki fá magnafslátt eftir því hversu mörg eða hve verðmæt bréf eru keypt og nemur afslátturinn allt frá 8% upp í 22%,“ segir Guðmundur. „Ef keypt eru til dæmis 120 eintök af 20.000 króna gjafabréfum fæst hvert bréf á 13.548 kr., auk virðisaukaskatts.“

## Þjóna fólki um land allt

„Mörg fyrirtæki eru með starfsemi víða um land og þá vandast valið á jólagjöf oft enn meira,“ segir Guðmundur. „Þar koma gjafabréf frá Heimkaup.is líka sterk inn, því Heimkaup.is þjónar öllu landinu og allar pantanir yfir 8.900 kr. eru sendar frítt hvert á land sem er.“



## Langur gildistími

„Gjafabréfin gilda frá aðfangadegi og í fimm ár. Þau gilda að sjálfsögðu líka af öllu og alltaf – líka á útsölum og öðrum tilboðsdögum,“ segir Guðmundur. „Það eru nefnilega margir sem bíða með jólainnkaupin fyrir sjálfa sig þangað til janúarútsölurnar byrja.“



Gómsætar jólagjafir

JÓLAGJÖF SÆLKERANS

Veldu milli sex mismunandi karfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru. Við sjáum um pökkunina þér að kostnaðarlausu.

Frábær jólagjöf til viðskiptavina eða starfsmanna.
Kíktu á **ms.is** - einfalt og fljótlegt.







Ilmur af appelsínum og mandarínum er jólalegur og gefur ferska upplifun sem líkamsskrúbb. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kærkomnar kærleiksgjafir

**Því fylgir alltaf eftirvænting að fá jólagjöf frá vinnuveitendum en stundum má auka enn á jólagleðina og koma færandi hendi með óvæntan pakka handa vinnufélögum.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Góðir vinnufélagar eru gulls ígildi og oft má láta ýmislegt yfir sig ganga í vinnunni ef starfsandinn er góður og samstarfsfólkið skemmtilegt. Á vinnustað myndast oft ævilöng vinabönd og sumir þjást hreinlega af söknuði þegar þeir sjá fram á auka frídaga frá félögum sínum á vinnustað. Jólin eru hreint dásamlegur tími til gleði, frís og gjafa og sannarlega er sælla að gefa en þiggja. Það þarf heldur ekki að kosta handlegg eða fótlegg að koma færandi hendi og gauka eins og einum pakka að sessunautnum en þeim mun meiri verður gleðin við völd og svo er auðvitað bannað að opna gjafirnar fyrr en undan trénu á aðfangadagskvöld. Hér gefast nokkar hugmyndir að gjöfum handa góðum vinnufélaga.

Í streitu og álagi vinnustaða getur verið heilsubætandi að dunda við garðyrkju á skrifborðinu. Því eru litlir zen-garðar fullkomin gjöf fyrir önnum kafinn vinnufélaga sem getur rakað munstur í sandinn, fært til steina og plöntur og gert garðinn sinn huggulegan á meðan streitan fjarar út.

Jól eru tími sætinda og smákaka. Komdu með smáköku eða sæta múffu í nesti og gefðu besta vinnufélaganum að smakka. Ef kakan fellur í kramið er málið að koma með lagskipt hráefni hennar í krukku og láta uppskriftina fylgja með. Þú getur verið viss um að hiksta ekki á meðan bakað er því hugsanir vinnufélagans verða hlýjar og fullar þakklætis. Það er líka góð hugmynd að koma með hráefni í uppáhalds hádegissalatið ykkar saman sem hægt er að mixa heima til að lina söknuðinn á milli stórmáltíða.

Vinnurðu með hitapoka sem fær ekki nóg súrefni yfir vinnudaginn? Gefðu honum þá litla og hljóðláta borðviftu sem kælir hann í annríkinu og sendir svalan vind- og vinagust til að lyfta upp líkama og sál.

Góðir vinnufélagar setja velferð hvor annars í öndvegi og vilja að hvíld, náð og vellíðan sé höfð í hávegum í fríinu. Útbúðu heimatilbúið, frískandi appelsínuskrúbb með sykri og kókosolíu til að nota í heimadekur vinnufélagans í jólafríinu.

Er stundum of langt á milli ykkar í vinnunni og þið þráið að slúðra, heyra röddina og hláturinn í vinnufélaganum? Þá eru gamaldags labbrabbtæki bráðsniðug jólagjöf og hægt að spjalla endalaust saman eða í það minnsta slá á söknuðinn með orðum úr talstöðvunum.



Garðyrkja á skrifborðinu er róandi iðja og gott að munstra sand og steina.



Góða salatið sem þú kemur vanalega með í vinnuna er sæt gjöf í krukku fyrir vinnufélaga sem saknar þín í jólafríinu.



Labbrabbtæki minnkar fjarlægðir á milli vinnufélaga í stóru vinnurými.

# Einstök upplifun í jólapakkann











## Gjafapakkar

Við bjóðum upp á glæsilegt úrval af jólagjöfum.
Frábærar vörur fyrir einstaklinga og heimilið.
Allar gjafir koma í fallegri gjafapakkningu og tilbúnar til afhendingar.

## Gjafakort

Gefðu ógleymanlega upplifun um jólin.
Þú velur upphæðina.
Gjafakortinu er pakkað í fallega öskju og gildir fyrir vörur og þjónustu í Bláa Lóninu og Hreyfingu.

**Hægt er að sérsníða pakka eftir óskum.**

BLUE LAGOON
ICELAND

www.bluelagoon.is/fyrirtaekjagjafir

A4

# FYRIRTÆKJAGJAFIR

## *Gæðatöskur frá Samsonite*

Töskurnar frá Samsonite eru klassískar gæðatöskur sem fást í fjölmörgum stærðum og útfærslum. Töskurnar eru léttar og sterkbyggðar með góðum hjólum. Klassísk og notadrjúg gjöf sem endist, með allt að 10 ára ábyrgð.

*Pantaðu eða fáðu ráðgjöf*
í síma 580 0000
eða jolagjafir@a4.is





Samsonite

## Gæði og glæsileiki
*sem kemur að góðum notum*



„Við heyrum oft frá viðskiptavinum okkar að ein af ástæðum þess að þau velji að gefa starfsfólki sínu ferðatöskur að gjöf sé notagildið enda kemur ferðataska flestum heimilum að góðum notum“ segir Bylgja Bára, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.
Við bjóðum ferðatöskur frá heimsþekkta vörumerkinu Samsonite sem eru þekktir fyrir bæði gæði og glæsileika.

Bylgja Bára Bragadóttir
Sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4

WWW.A4.IS  /A4VERSLANIR  JOLAGJAFIR@A4.IS

2018 2019 Framúrskarandi fyrirtæki

# BILLIE EILISH

VIP **hópferð 20. - 22. júlí 2020** með íslenskri fararstjórn

**MAN ARENA MANCHESTER**

Verð frá kr. 134.900
á mann m.v. 2 saman í herbergi.

**ATH. aðeins 30 sæti í boði!**




## Nánari upplýsingar á **visitor.is**

Innifalið í okkar hópferðum:
Flug með Icelandair og skattar. Gisting með morgunverði.
Handfarangur og ein innrituð 23kg. taska.
Rúta til og frá flugvelli. Miði á leik/viðburð.
Íslensk fararstjórn.

**VIP miðar veita aðgang að:**
Champagne Hospitality sætum í Block 103 eða 114.
Early Fastrack fram fyrir röð og fyrr inn í höllina en almenningur.
Glas af gosdrykk eða Laurent-Perrier kampavíni við komu.
Aðgangur að VIP barnum The View fyrir tónleika og í hléi.
Aðgöngumiðinn er armband sem veitir aðgang að ofangreindu.

**Visitor**
FERÐASKRIFSTOFA

Visitor ferðaskrifstofa | Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur | Sími 578 9888 · visitor.is

## Bílar & Farartæki

SPARI bíll



Suzuki S-Cross GLX 4x4. Svartur. Sjálfskiptur. Leðursæti. Glerþak. Xenonljós. Bakkmyndavél. Álfelgur. Skyjarar. Dráttarkrókur. Ekinn aðeins 32 þús km. Verð 2.990 þús.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Vélsleðar



**FJÓRHJÓL POLARIS SPORTSMAN 850 EPS TOURING.**
Árg 2014, ekið 7000km. Gott ástand, skoðað 2020 og viðhaldið af Stormi frá upphafi. Camso snjóbelti, 29" Bighorn dekk, brettakantar með útvíkkunum, framrúða, hiti í handföngum og gjöf, aukabensíntankur, farangurgrindur, led ljósabar o.fl. Verð 2.2 m.kr Uppl 6609970

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Önnur þjónusta

TEXA

TEXA er ein öflugasta og fjölhæfasta bilanagreiningartölvan á markaðnum í dag.

Fyrir fólksbíla, vörubíla, vinnuvélar, mótorhjól, vélsleða og bátavélar.

Sjá nánar www.texa.com

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3. 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUPLÁSS.**
Til leigu geymslupláss fyrir ferðavagna, báta o.fl Áhugasamir sendið tölvupóst á idex@idex.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

Faglærður húsasmiður leitast eftir að komast á samning við pípulagnir í reykjanesbæ og nágrenni hafið samband á olafpje@gmail.com

### Þjónusta

**www.yaakovswell.net**

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

**www.yaakovswell.net**

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

### Skemmtanir

# CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI**
FÖSTUDAGUR
18:45 ÍSLAND - Frakkland
18:45 Tyrkland - Albanía
MÁNUDAGUR
18:45 ÍSLAND - Andorra
18:45 Frakkland - Tyrkland

**LIFANDI TÓNLIST**



**SMELLUR**
FÖS & LAU FRÁ KL. 00.00 - 03.00




**12. OKT.**
**LAUGARDAG KL. 23.45**

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

**Sirius ljósaseríur og kerti**

25% - 50%

Fissler

**POTTASETT MEÐ GLERLOKUM**

4stk

43%

VERÐ ÁÐUR...34.995
TILBOÐ .........19.995

**Jamie Oliver pottar og pönnur**

Jamie Oliver
Tefal

30%

# KRINGLUKAST

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS

**MEDISANA**
SNYRTISPEGILL

2 in1

25%

VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.495

Fissler

**STEYPUJÁRNS POTTUR**

Arcana
28cm

71%

VERÐ ÁÐUR...34.995
TILBOÐ ...........9.995

KitchenAid
TVENNUTILBOÐ

30%

VERÐ ÁÐUR...38.990
TILBOÐ .........26.990

**TVEGGJA STYKKJA PÖNNUSETT**

LE CREUSET

50%
AFSLÁTTUR

24cm og 28cm TNS pönnusett

VERÐ ÁÐUR...44.995
TILBOÐ .........22.495

## KRINGLUKAST TILBOÐ

**KAUPAUKI**
Queen of Hearts bökunarsett
í 100 ára afmælisútgáfu
að verðmæti
9.995

KitchenAid

FJÖLDI LITA
**VERÐ FRÁ 79.995**

**MEDISANA**
NUDDTÆKI

25%

Shiatsu nudd fyrir
axlir og háls

VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ...........9.745

meat°it

**KJÖTHITAMÆLIRINN**
FRÁ MASTRAD

33%

**Fyrsti 100% þráðlausi kjöthitamælirinn**

reddot award 2019
winner

VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ ...........9.995

## RYKSUGUVÉLMENNI

iRobot

Með Appi

ROOMBA 605
VERÐ ÁÐUR... 39.995
TILBOÐ ......... 32.995

ROOMBA E5154
VERÐ ÁÐUR... 84.995
TILBOÐ ......... 69.995

**ALLAR CONTIGO VÖRUR**

40%

## KRINGLUKAST TILBOÐ

**DJÚPUR POTTUR ÞRÍR LITIR**

44%
AFSLÁTTUR

LE CREUSET

Djúpur steypujárnspottur 26cm og 6,3L

Þrír litir

VERÐ ÁÐUR... 44.995
TILBOÐ ......... 24.995

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
11. OKTÓBER 2019 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1977** Opinberir starfsmenn í BSRB fara í sitt fyrsta verkfall.

**1982** Skipinu Mary Rose sem sökk við Isle of Wight árið 1545 er lyft af hafsbotni.

**1987** Spænsk þota verður eldsneytislaus og nauðlendir um 50 sjómílur vestur af Reykjanesi. Sex mönnum er bjargað úr gúmmíbjörgunarbát um borð í Þorlák ÁR.

**1988** Fyrsta konan er kosin forseti sameinaðs Alþingis, það er Guðrún Helgadóttir alþingismaður og rithöfundur.



**1991** **Íslendingar vinna heimsmeistaratitil í bridds**, þar sem tákn sigursins er hin fræga Bermúdaskál.

**2007** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn Reykjavíkur springur.

**2008** Fyrstu mótmælin í búsáhaldabyltingunni fara fram á Austurvelli.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrafnhildur Ágústsdóttir**

Hlíðarhúsum 7, Reykjavík, áður Eik, Mosfellssveit,

lést 8. október.
Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 16. október kl. 15.

**Tómas Lárusson**
**Ágúst Tómasson** **Elísabet V. Ingvarsdóttir**
**Páll Kristjánsson**
**Fannar Pálsson, Bylgja Pálsdóttir, Ingvi Ágústsson, Tómas Hrafn Ágústsson, Magnús Ingvar Ágústsson, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Tómas Bergmann**

Vallargerði 4c, Akureyri,

lést mánudaginn 30. september.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 15. október klukkan 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Andartak, Cystic Fibrosis samtökin á Íslandi. Reikningur 536-14-402289, kt. 650516-0360, cysticfibrosis.is.

**Halla Pálsdóttir**
**Margrét Bergmann Tómasdóttir** **Ólafur Örn Torfason**
**Kristján Bergmann Tómasson** **Sara Ómarsdóttir**
**Tómas Ólafsson**
**Magðalena Ólafsdóttir** **Marinó Snær Birgisson**
**Móheiður Ólafsdóttir**
**Jökull Bergmann Kristjánsson**
**Heiða Bergmann Kristjánsdóttir**



Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elsku eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gígju Sæbjargar Kristinsdóttur**

frá Hrísey, Ólafsvegi 5, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hornbrekku fyrir alúð og góða umönnun í veikindum hennar.

**Jón Steindór Ásgeirsson**
**Hafdís E. Jónsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Gunnlaugur K. Jónsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Guðlaug Jónsdóttir** **Sveinn Ingvason**
**Kristinn Jónsson** **Sigrún B. Einarsdóttir**
**Sigríður S. Jónsdóttir** **Ásbjörn M. Jónsson**
**Katrín Jónsdóttir** **Vignir Þ. Siggeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Rússar hrifnir af okkar ríkulegu menningu

**Söngkonurnar Gerður Bolladóttir og Alexandra Chernyshova sungu eigin tónlist í Pétursborg við píanóleik Kjartans Valdimarssonar og hlutu lof hlustenda. Viðburðurinn tilheyrði tónlistar-menningarbrúnni Russian Souvenir sem hefur verið til í fjögur ár.**

Tónleikarnir í Pétursborg voru yndislegir, það var fullt hús af áhugasömum áheyrendum sem voru mjög þakklátir fyrir að fá að kynnast íslenskri, lifandi tónlist,“ segir Gerður Bolladóttir söngkona sem er nýlega komin úr mikilli Bjarmalandsför til Rússlands. Þangað fór hún ásamt stallsystur sinni Alexöndru Chernyshovu söngkonu og Kjartani Valdimarssyni píanóleikara.

Gerður segir þekkt rússneskt tónlistarfólk hafa verið meðal áheyrenda. „Það komu margir til okkar eftir tónleikana og lýstu yfir hrifningu sinni á ríkulegri menningu Íslands, tónlistinni sem við fluttum og ljóðum sem voru þýdd yfir á rússnesku og varpað á tjald meðan flutningi stóð. Við bara heilluðum þá upp úr skónum!“

Báðar eru þær Gerður og Alexandra sópransöngkonur og líka tónskáld og meðal þess sem þær sungu fyrir Rússana voru eigin lög.

„Við frumfluttum þrjú lög við ljóð sem Sigurður Ingólfsson orti handa mér. Svo sungum við rómantísk tónverk eftir mig við ljóð íslenskra skálda, meðal annars Kristján Hreinsson og líka langömmu mína og frændur. Einnig sungum við aríur, dúett og kór úr óperunni Skáldið og Biskupsdóttirin eftir Alexöndru við líbrettó Guðrúnar Ásmundsdóttur. Píanóleikur var í höndum Kjartans Valdemarssonar, eins af okkar bestu píanóleikurum, og hlutverk Hallgríms Péturssonar í óperunni söng bassabarítónsöngvari frá Moskvu. Hann heitir Sergei Telenkov og hann söng á íslensku.“

Gerður segir Alexöndru hafa átt hugmyndina að þessum tónleikum eins og fleiri viðburðum af líkum toga. „Hún Alexandra er rússneskrar ættar en hefur búið hér á landi í mörg ár og verið virk í tónlistarsenunni, eins og flestir vita. Henni datt í hug fyrir nokkrum árum að gaman væri að mynda tónlistarmenningarbrú milli Rússlands og Íslands. Það verkefni nefnist Russian Souvenir og hefur nú staðið í fjögur ár. Á þeim tíma hafa verið settir upp fimmtán viðburðir bæði í Rússlandi og hér og okkar ferð tilheyrði því verkefni.“

Rússneskir fjölmiðlar voru áhugasamir um tónleikana. Gerður segir þær Alexöndru og Kjartan hafa farið í viðtöl í sjónvarpi og líka í elstu og rótgrónustu útvarpsstöð Pétursborgar og eiginmaður Alexöndru, Jón R. Hilmarsson, skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, hafi sýnt ljósmyndir sem hrifu fólk. „Ég held ég geti fullyrt að áheyrendur bjuggust ekki við svona flottum tónleikum og líka ljósmyndasýningu,“ segir Gerður og bætir við að Jón opni aðra sýningu í Pétursborg á sunnudaginn, 13. október, á opnunarhátíð Nordic Weeks.

gun@frettabladid.is



**Þær Alexandra og Gerður alsælar í hinni stórkostlegu Pétursborg.**

**Hlutverk Hallgríms Péturssonar í óperunni söng bassabarítónsöngvari frá Moskvu. Hann heitir Sergei Telenkov og hann söng á íslensku.**

ÞETTA GERÐIST: 11. OKTÓBER 1986

## Leiðtogafundur var haldinn í Höfða

Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, og Mikhaíl Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hittust á fundi í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986. Fundurinn var í upphafi hugsaður sem undirbúningsfundur fyrir síðari samningalotur um takmörkun vígbúnaðar stórveldanna en eðli fundarins breyttist því þeir leiðtogarnir hófu óvænt að ræða saman um meiri afvopnun en áður hafði verið á dagskrá hjá þeim. Á tímabili virtist stefna í sögulega niðurstöðu um stórkostlega fækkun kjarnorkuvopna en upp úr þeim viðræðum slitnaði þegar Reagan neitaði að hverfa frá áætlun um varnarkerfi í geimnum.

Þegar frá leið þótti leiðtogafundurinn þó hafa rutt nýjar brautir í samskiptum stórveldanna og markað upphaf að lokum kalda stríðsins. Íslenska þjóðin fylgdist grannt með framvindu mála og þótti heiður að vera stödd í hringiðu heimsviðburða.



**Lögreglumenn standa vörð við Höfða.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kjarvalsstóllinn

**HÖNNUN: SVEINN KJARVAL**
Hannaður 1962

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 0 |
| Ísafjörður | 0 | 9 |
| Akureyri | 4 | 3 |
| Egilsstaðir | 5 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 5 |
| Hveravellir | 0 | 6 |

Norðaustan 8-13 í dag, en hægari í kvöld. Dálítil rigning eða slydda norðan- og austanlands, en bjart veður sunnan heiða. Hiti 1 til 10 stig, mildast syðst.

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 4 |
| Ísafjörður | -1 | 4 |
| Akureyri | 1 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 0 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 4 |
| Hveravellir | -2 | 4 |

## Sunnudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 5 |
| Ísafjörður | 3 | 4 |
| Akureyri | -6 | 1 |
| Egilsstaðir | 0 | 0 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 1 |
| Hveravellir | -1 | 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 tvistur
5 reiði
6 tveir eins
8 síðri
10 í röð
11 aldur
12 sakeyrir
13 fyrirgangur
15 raftar
17 hluttakandi

**LÓÐRÉTT**
1 launmáls
2 ríki í Arabíu
3 hætta
4 stórvirki
7 rjálari
9 aðstoð
12 stífa
14 tæra
16 rómversk tala

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 díóða, 5 urg, 6 ff, 8 langri, 10 mn, 11 rek, 12 sekt, 13 læti, 15 stoðir, 17 aðili.
**LÓÐRÉTT:** 1 dulmáls, 2 íran, 3 ógn, 4 afrek, 7 fiktari, 9 greiði, 12 stoð, 14 æta, 16 il.

## Skák Gunnar Björnsson

Anton Demschenko (Skákfélagi Selfoss og nágrennis) átti leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (Taflfélagi Reykjavíkur) á Íslandsmóti skákfélaga.

**17. Rcxd5! Rxd5 18. Rxd5 cxd5 19. Db5!** Þrátt fyrir að vera manni yfir er svartur varnarlaus. Hann reyndi **19...f5 20. gxf6 Rxf6 21. Bf4 g5 22. Bc7 Dxc7 23. Hx7 Kxc7 24. Hc1 1-0.** Opið ofurmót hófst í Mön í gær.

**www.skak.is:** Ofurmótið á Mön.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

## Lífið er of stutt til að vera reiður



**Fjórir vagnstjórar** af erlendum uppruna settust niður með blaðamanni og ræddu um starf sitt. Þau eru stolt af atvinnu sinni þótt aðstæður séu oft erfiðar. Þau ræða tímapressu, umferðartafir, fordóma og dónaskap.

## Bróðir minn er kynferðisbrotamaður



„Það hreinlega slokknaði líf í augum þeirra," segir **Karen Elísabet Halldórsdóttir** um það þegar hún færði börnum bróður síns, Þorsteins, þær fréttir að hann sæti í gæsluvarðhaldi vegna alvarlegra kynferðisbrota.



## Varð fræg á einni nóttu

Yfirlitssýning á verkum **Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur** í Listasafni Íslands.

## Ruddi á vellinum

Varnartröllið **Vontaze Burfict** var á dögunum dæmt í tólf leikja bann. Leikbönn varnarmannsins ná nú 22 leikjum og sektargreiðslur nálgast sex milljónir dollara.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Í HÁLFA ÍSÖLD
50 ára
1969
2019
Rétta blandan í hálfa ísöld
Hin einstaka ísblanda frá Kjörís hefur fylgt þjóðinni í hálfa öld. Hér sést Ragna Kolbrún Ragnarsdóttir, fyrsta fyrirsætan okkar. Hún gæddi sér á ljúffengri ístertu í Kjörís-auglýsingu árið 1973. Ragna er mætt aftur, enda veislan enn í fullum gangi.
Ragna 2019
Ragna 1973
Kjörís

# Réttur mánaðarins




**Foreldað**
Aðeins að hita

**1.998 kr./stk.**

**Bónus Lambakjöt í karrý**
1 kg - Verð áður 2.298 kr.




**Sykurlaus!**

**98 kr./500 ml**

**UpGrade Íþróttadrykkur**
500 ml, 2 teg.

**750ml**




**Aðeins**

**598 kr./750 ml**

**ES Jómfrúar Ólífuolía**
750 ml




**398 kr./300 g**

**Bónus Feti**
2 tegundir, 300 g

## Smart Power
**BCAA - Koffín - L-Karnitín**




**149 kr./330 ml**

**Smart Power Orkudrykkur**
330 ml, 3 teg.

**2l**




**198 kr./2 l**

**Coca-Cola Light**
2 lítrar

**2l**




**198 kr./2 l**

**Fanta Orange**
2 lítrar




**98 kr./500 ml**

**Egils Kristall**
Sítrónubragð, 500 ml



**398 kr./430 g**

**Bónus Skúffukaka**
430 g




**159 kr./500 g**

**Bónus Kornbrauð**
500 g

**4stk.**



**ALLTAF NÝBAKAÐ**

**359 kr./4 stk.**

**Bónus Kjallarabollur**
Með osti, 4 stk.

**4stk.**



**259 kr./4 stk.**

**Bónus Kringlur**
4 stk.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt Lambakjöt



**798 kr./kg**

**KS Súpukjöt**
Frosið, 2019 slátrun



**279 kr./kg**

**KS Lambahjörtu og Lambalifur**
frosin, 2019 slátrun



**1.198 kr./kg**

**KS Lambalæri**
Frosið, 2019 slátrun



**959 kr./kg**

**KS Lambabógur**
Heill, frosinn, 2019 slátrun

# Ný uppskera!



**219 kr./kg**

**Íslenskar kartöflur**
Gullauga eða rauðar, í lausu

1kg



**459 kr./1 kg**

**Leyni Gulrætur**
1 kg

ÍSLENSKT
gjörið svo vel



**298 kr./kg**

**Rófur**
Í lausu

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Tokarczuk og Handke fá Nóbelsverðlaunin

**Sjón og Pétur Gunnarsson fagna niðurstöðunni og segja frá verkum þeirra. Pétur hefur þýtt verk eftir Handke og skáldsaga Tokarczuk hreif Sjón mjög.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Rithöfundarnir Olga Tokarczuk og Peter Handke hljóta bókmenntaverðlaun Nóbels fyrir árið 2018 og 2019. Verðlaunin voru ekki veitt í fyrra vegna hneykslismáls í kjölfar metoo-hreyfingarinnar.

**Tæki ímyndunaraflsins**

Hin pólska Tokarczuk er fædd árið 1962. Hún er fyrsti pólski rithöfundurinn til að hljóta hin alþjóðlegu Man Booker-verðlaun fyrir skáldsögu sem nefnist á ensku Flight. Hún kom hingað til lands á pólska menningarhátíð í Reykjavík árið 2006.

Hún hlýtur Nóbelsverðlaunin fyrir árið 2018. Rithöfundurinn Sjón þekkir vel til verka hennar. „Ég hef spáð því í tíu ár að hún myndi fá verðlaunin. Það lá alveg ljóst fyrir mér þegar ég las bók eftir hana sem heitir á ensku House of Day, House of Night og gerist í landshluta þar sem Þjóðverjar bjuggu áður en voru reknir af heimilum sínum í lok seinni heimsstyrjaldar. Hún lýsir samfélagi þeirra aðfluttu mjög vel og sömuleiðis vofuveröld hinna sem voru reknir í burtu,“ segir Sjón.



Olga Tokarczuk er nýr Nóbelsverðlaunahafi. NORDICPHOTOS/GETTY



Skáldið Sjón hefur lengi spáð því að Olga Tokarczuk hlyti Nóbelsverðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Í ÖLLUM SÍNUM VERKUM TRÚIR HÚN Á AÐ BÓKMENNTIRNAR FARI MEÐ OKKUR YFIR ÖLL LANDAMÆRI.**

„Þegar ég las bókina hugsaði ég með mér að hún væri að gera nokkuð mjög sérstakt. Þarna var hún að kalla fram sögu sem hefði verið þögguð niður og gerði það með tækjum ímyndunaraflsins og bókmenntanna. Í öllum sínum verkum trúir hún á að bókmenntirnar fari með okkur yfir öll landamæri og þurrki þau út, milli fólks, tíma og tilverustiga.“






**Peter Handke hlýtur loks Nóbelinn.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Flóttinn frá klisjunni**

Hinn austurríski Peter Handke, sem er fæddur árið 1942, hefur hlotið öll helstu bókmenntaverðlaun Þýskalands og Austurríkis og hefur áður verið orðaður við Nóbelinn. Hann hlýtur verðlaunin fyrir árið í ár. Skáldsaga hans Kindergeschichte, eða Barnasaga, kom út í íslenskri þýðingu Péturs Gunnarssonar árið 1987.

„Handke er á stöðugum flótta undan klisjunni. Skáldsögur hans eru án söguþráðar, honum finnst skáldsöguformið vera orðið allt of uppáþrengjandi og klisjukennt,“ segir Pétur Gunnarsson. „Hann hefur einnig skrifað leikrit og kvikmyndahandrit, þar á meðal handritið að Himinninn yfir Berlín sem Wim Wenders leikstýrði. Hann hefur skrifað bækur sem höfðu mikil áhrif á mig og eru nánast dagbækur en þar er hann að fanga augnablikið hverju sinni. Honum finnst alltof uppáþrengjandi að ýta því inn í einhverja skáldsögu og vill að augnablikið fái að lifa á sínum eigin forsendum. Ég skrifaði eina bók sem er dálítið undir þessum áhrifum og heitir Vasabók og kom út árið 1989.



**Pétur skrifaði bók undir áhhrifum frá Handke.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég er mjög hrifinn af skáldsögu eftir hann, Barnasögu, sem ég þýddi og er mjög einkennandi fyrir Handke. Hún fjallar um mann og barnið hans. Greinilegt er að sögusviðið er París, en hann nefnir hana aldrei á nafn, segir bara „í erlendu borginni“ og nefnir aldrei franska tungu heldur segir „erlenda tungan“. Hann nefnir barnið heldur aldrei á nafn, segir bara „barnið“. Orð eins og París og Frakkland hafa alltof uppáþrengjandi merkingu til að hann treysti sér til að nota þau í þessu samhengi. Þessi flótti frá klisjunni er afar einkennandi fyrir hann.“

**Hvað?**
**Hvenær?**
**Hvar?**
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. OKTÓBER 2019

### Viðburðir

**Hvað?** Vísindaskáldskapur í fortíð og nútíð
**Hvenær?** 12.00-15.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Málþing á vegum Vísindafélags Íslands. Erna Magnúsdóttir, dósent í líffræði, Björn Þór Vilhjálmsson, lektor í almennri bókmenntafræði og kvikmyndafræði, og Sigurður Ingi Erlingsson, prófessor í eðlisfræði, hafa framsögu. Á eftir verða pallborðsumræður þar sem Hildur Knútsdóttir rithöfundur slæst í hópinn. Fundarstjóri er Brynhildur Björnsdóttir bókmenntafræðingur.

**Hvað?** Þolmörk – Opin fyrirlestraröð Listaháskóla Íslands.
**Hvenær?** 12.15-13.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur A & B í húsi hönnunar- og arkitektúrdeildar að Þverholti 11.
Fyrsti fyrirlestur vetrarins er í höndum sviðlistadeildar. Þar fjalla listamennirnir Krõõt Juurak & Alex Bailey um verk sín, meðal annars Performances for Pets.

**Hvað?** Tangó praktika og milonga
**Hvenær?** 21.00-24.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg 12, Bergstaðastrætismegin
Gestgafar eru Gunna Beta og Heiðar og dj Heiðar heldur uppi stuðinu. Ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir er 1.000 krónur en frítt fyrir 30 ára og yngri á milongu.



**Kristinn Hallsson er einn þeirra stórsöngvara sem minnst verður í Salnum.**

**Hvað?** Skyn – sýningaropnun
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Núllið, Bankastræti
Vera Hilmarsdóttir og Ásgerður Arnardóttir opna samsýningu sem verður opin frá 12.00-20.00 laugardag og sunnudag.

**Hvað?** Stórtónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn
Tónleikarnir eru tileinkaðir stórsöngvurunum Kristni Hallssyni, Svölu Nielsen og Guðmundi Guðjónssyni. Þeir sem koma eru; Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran, Oddur Arnþór Jónsson barítón, Egill Árni Pálsson tenór, Hrönn Þráinsdóttir píanó, Signý Sæmundsdóttir sópran og kynnir, og Ólafur B. Ólafsson harmóníkuleikari. Sérstakir gestir eru Karlakór Kópavogs ásamt Garðari Cortes, stjórnanda hans, og Helgi Jónsson slagverksleikari.

Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!


Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is






föstudaga kl. 9.05

Vera Illugadóttir skoðar atburðir og málefni líðandi stundar í ljósi sögunnar.

RÁS 1 fyrir forvitna

Undankeppni EM karla í fótbolta




Ísland – Frakkland
í kvöld kl. 18.10
bein útsending

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir. e.
**13.00 Söngvaskáld Megas** Megas flytur nokkur laga sinna að viðstöddum áheyrendum í myndveri RÚV. Sjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson.
**13.55 HM í fimleikum** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í fimleikum í Þýskalandi. Allt fremsta fimleikafólk heims mætir til leiks og RÚV sýnir beint frá öllum keppnisdögunum.
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 Krakkavikan** Í Krakkavikunni er skyggnst inn í heim barnamenningar. Við fjöllum um skemmtilega viðburði og það sem er framundan hjá KrakkaRÚV og UngRÚV. Við fjöllum líka um það sem bar á góma í Krakkafréttum vikunnar, fræðumst um tækni og töfra og allt þar á milli. Umsjón: Jóhannes Ólafsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir.
**18.00 Fréttayfirlit**
**18.10 Ísland - Frakkland** Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands í undankeppni EM karla í fótbolta.
**21.10 Fréttir**
**21.40 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna. Dagskrárgerð: Guðmundur Einar. Stjórn útsendingar: Salóme Þorkelsdóttir.
**22.25 Barnaby ræður gátuna - Galdramorð** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við morðgátur í ensku þorpi. Kona lætur lífið þegar hún aðstoðar við sýningu sjónhverfingamannsins Gideons Latimer og grunur er um að tilræðið hafi beinst að Gideon. Meðal leikenda eru Neil Dudgeon og John Hopkins. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.55 Babs** Ævisöguleg leikin mynd frá BBC um ævi og feril bresku leikkonunnar Barböru Windsor, sem lék meðal annars í hinum vinsælu framhaldsþáttum EastEnders. Leikstjórn: Dominic Leclerc. Aðalhlutverk: Honor Kneafsey, Jaime Winstone og Samantha Spiro. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**01.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.45 Houston Open** Útsending frá Houston Open á PGA mótaröðinni.
**12.45 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**14.00 Houston Open**
**18.00 The Open Official Film**
**19.00 Houston Open** Bein útsending frá Houston Open á PGA mótaröðinni.
**23.00 Solheim Cup Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 The Biggest Loser**
**15.15 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Will and Grace**
**19.45 Man with a Plan**
**20.10 The Voice US**
**21.40 Greenberg**
**23.35 RoboCop 2**
**01.30 The Late Late Show**
**02.15 Yellowstone** Dutton-fjölskyldan á stærsta búgarð Bandaríkjanna en landareign fjölskyldunnar liggur upp að verndarsvæði indíána og framundan er hatrömm barátta um peninga og völd.
**03.00 FEUD**
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Skyndibitinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hraði Sjötti þáttur**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Lukas Nelson**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Birtingur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Apple of My Eye**
**13.15 A Late Quartet**
**15.00 Ocean's Eleven**
**16.55 Apple of My Eye**
**18.20 A Late Quartet**
**20.05 Ocean's Eleven**
**22.00 The Equalizer 2**
**00.00 The Death of Stalin**
**01.45 Kate Plays Christine**
**03.35 The Equalizer 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.35 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Famous In Love**
**10.25 The Detail**
**11.10 Hand i hand**
**11.50 Lose Weight for Good**
**12.15 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Jane Austen Book Club**
**14.45 The Mercy**
**16.25 The Swan Princess. A Royal Myztery**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Other Woman**
**21.15 Föstudagskvöld með Gumma Ben**
**22.05 Alpha**
**23.40 Deadwood**
**01.30 24 Hours to Live**
**03.00 Kidnap**
**04.35 The Mercy**

## STÖÐ 3

**19.15 Two and a Half Men**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Stelpurnar**
**21.15 Barry**
**21.45 American Dad**
**22.10 Famous In love**
**22.55 Lovleg**
**23.15 Castle Rock**
**00.00 Seinfeld**
**00.25 Two and a Half Men**
**00.50 The Big Bang Theory**
**01.10 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Bolton - Blackpool**
**10.05 Ítölsku mörkin**
**10.35 Spænsku mörkin**
**11.05 Króatía - Ungverjaland**
**12.45 Holland - Norður-Írland**
**14.25 Undankeppni EM - Mörkin**
**15.15 Grindavík - Keflavík** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**16.55 Njarðvík - Tindastóll** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**18.35 Tékkland - England** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**20.45 Undankeppni EM - Mörkin**
**21.10 Heimsleikarnir í Crossfit. Leiðin á toppinn**
**21.40 NBA. Bballography. Auerbach**
**22.10 Dominos Körfuboltakvöld**
**23.50 Ísland - Frakkland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**01.30 UFC Now**
**02.25 Undankeppni EM - Mörkin**
**02.55 Formúla 1. Japan - Æfing** Bein útsending frá æfingu fyrir kappaksturinn í Japan.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.05 Þór Ak. - Fjölnir** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 3

**18.35 Tyrkland - Albanía** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Sirius
Reykjavík

# SÍRÍUS SUÐUSÚKKULAÐI

*...sem Íslendingar hafa stolist í síðan 1933*




**Gómsætt súkkulaði með 45% kakóinnihaldi sem er löngu orðið klassískt.**

*Ómótstæðilegt með kaffinu, í baksturinn, ísgerðina, eftirréttina eða bara eitt og sér.*

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

# Glæsilegasta gestastofa landsins opnuð

Síðastliðinn þriðjudag var opnuð að viðstöddu fjölmenni gestastofa innan Grænu smiðju ORF Líftækni sem framleiðir BIOEFFECT húðvörurnar.



Græna smiðjan er 2.000 fermetra vistvænt hátæknigróðurhús í Grindavík. Inni í hlýjunni vex byggið góða sem gefur af sér prótínið sem svo aftur er meginuppistaðan í BIOEFFCT húðvörunum.

Græna smiðjan er vistvænt 2.000 fermetra hátæknigróðurhús í Grindavík þar sem byggplöntur eru ræktaðar. Prótein úr bygginu eru svo notuð sem innihaldsefni í BIOEFFECT húðvörur fyrirtækisins, seld til læknisfræðilegra rannsókna og nýtt í önnur þróunarverkefni fyrirtækisins. Tæknin til að framleiða sérvirk prótein í byggi er afrakstur áratuga vísinda- og þróunarstarfs.

**Snyrtivörulína í glæsiverslanir**
Það var viðeigandi að Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, opnaði stofuna formlega enda er hún hugsuð sem stuðningur við landkynningarátak BIOEFFECT sem farið hefur sigurför um heiminn og er orðið eitt þekktasta íslenska vörumerkið á alþjóðlegum markaði. BIOEFFECT húðvörulínan fagnar tíu ára afmæli á næsta ári og fæst nú í glæsilegum stórverslunum á borð við Le Bon Marché, Harrods, Bergdorf Goodman, KaDeWe and Lane Crawford. Línan er jafnframt mest selda snyrtivaran í flugvélum fjölmargra flugfélaga eins og Icelandair, British Airways, Finnair, Japan Airlines og All Nippon Airways.



Gestastofan var formlega opnuð af Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. MYND/RAKEL ÓSK



Gróðurhúsið getur hýst allt að 130 þúsund byggplöntur samtímis.



Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni, sagði gestum frá ferlinu og leysti þá út með góðum gjöfum.

**GESTASTOFAN ER HUGSUÐ SEM VALKOSTUR FYRIR FERÐAMENN OG AÐRA TIL AÐ SKOÐA HVERNIG RÆKTUNIN FER FRAM.**

**2.000 vistvænir fermetrar**
Græna smiðjan er vistvænt 2.000 fermetra hátæknigróðurhús sem nýtir jarðvarma, íslenskan vikur og hreint, íslenskt vatn til þess að rækta byggplöntur, en hún getur hýst allt að 130 þúsund byggplöntur á sama tíma. Gestastofan er hugsuð sem valkostur fyrir ferðamenn og aðra til að skoða hvernig ræktunin fer fram en hægt er að bóka skipulagðar skoðunarferðir um gróðurhúsið ásamt kynningu á því hvernig EGF verður til og á sögu BIOEFFECT í gegnum vefsíðuna https://bioeffect.com/pages/greenhouse.

bjork@frettabladid.is



# ILVA







## - VIÐ ERUM 11 ÁRA -

# AFMÆLISTILBOÐ

## DAGANA 8. - 14. OKTÓBER

# 20-40% AF VÖLDUM VÖRUM*

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði










**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is - ilva@ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND








Steingrímur, hljómborðsleikari sveitarinnar og annar söngvari, ásamt trommaranum Magnúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eru 107 ára í hljómsveitarárum

Í kvöld er hljómsveitin Moses Hightower með tónleika í Háskólabíói þar sem öllu verður tjaldað til. Tónleikarnir hefjast aðeins seinna en til stóð vegna landsleiks Íslands og Frakklands.

Popphljómsveitin Moses Hightower heldur tónleika í kvöld í Háskólabíói þar sem öllu verður tjaldað til. Meðlimir sveitarinnar eru með margt á prjónunum og því gefst ekki oft tækifæri til að halda svona stóra tónleikana. Fréttablaðið ræddi við Steingrím Karl Teague og Magnús Trygvason Eliassen, tvo af þremur meðlimum sveitarinnar.




### Aðeins meira spari

„Maggi er í öllum hljómsveitum á Íslandi eiginlega. Þangað til annað kemur í ljós þá geri ég bara ráð fyrir því," segir Steingrímur, annar söngvari sveitarinnar. „Svo hef ég sjálfur verið á tónleikaferðalagi með Of Monsters and Men. Svo er Andri, hinn söngvari sveitarinnar, að gera milljón hluti, spila með Friðriki Dór og Jóni og alveg fullt af öðrum," bætir hann svo við.

Það getur því verið flókið að púsla sveitinni saman, en Steingrímur segir þá reyna að gera það almennilega.

„Þá gerum við eitthvað svolítið úr því. Við héldum útgáfutónleika árið 2017 þegar síðasta platan okkar, Fjallaloft, kom út. Þeir tónleikar fóru líka fram í Háskólabíói og það var mjög gaman. Þá vorum við einmitt með alls konar lúðra og flott ljós. Við höfum spilað svo oft á litlum sveittum giggum, sem er mjög skemmtilegt, en það er líka gaman að gera þetta svona," segir Steingrímur.

Hann mælir því tvímælalaust með að fólk sem hefur áður séð þá á smærri tónleikum geri sér ferð á þessa, því þetta sé öðruvísi upplifun, aðeins meira spari.

### Taka eldri slagara

Hljómsveitin gaf út lagið Lyftutónlist síðasta föstudag, og verður það spilað á tónleikunum. Þeir segja að planið sé líka að taka lög sem þeir hafi ekki mikið spilað á tónleikum síðustu ár.

„Nú þegar við erum komnir með þrjár plötur þá þarf maður að fara að velja úr, við getum ekki bara spilað í fjóra tíma," segir Steingrímur.

Hann segir að þeir hafi lagt nokkur lög sjálfir á hilluna tímabundið.

„Nú erum við tilbúnari á kíkja á þau aftur. Líka svona fyrst þetta er smá spari tilefni," segir hann.

„Við erum reyndar að fara að spila alveg fullt af lögum sem við höfum ekki spilað lengi," bætir Magnús við.

„Við ættum kannski að fara að æfa okkur eitthvað," stingur Steingrímur upp á.

„Nei, nei," svarar Magnús.

### Seinka vegna landsleiksins

„Við erum búnir að vera að æfa eitthvað," segir Magnús inntur eftir því hvort þeir séu þannig að þeir mæti bara á svæðið og kunni þetta allt eða það þurfi strangar æfingar til að rifja upp eldri lögin.

„Í gær komu lúðrar á æfingu, við munum svo æfa meira með þeim. Svo er slagverksleikari og auka-hljóðgervlasérfræðingur. Það verða ellefu manns á sviðinu," segir Steingrímur.

Þeir vilja svo sérstaklega koma því til skila að tónleikarnir byrji aðeins seinna en auglýst hefur verið í ljósi þess að landsleik Íslands og Frakklands lýkur um það leyti.

„Þeir hefjast svona korteri seinna, í mesta lagi sautján mínútum," segir Steingrímur.

„Já, þeir hefjast 21:17,34," bætir Magnús við.

### Ný plata á leiðinni

„Við erum að vinna í nýrri plötu núna," segir Magnús.

Steingrímur segir að um sé að ræða styttri plötu með fimm til sjö lögum.

„Þannig að þetta er einhvers konar plötildi, stuttskífa," bætir hann við.

„Við erum alveg langt komir með hana," segir Magnús.

*En hefur stíllinn eitthvað breyst í gegnum árin?*

„Mér finnst við þora meira," svarar Magnús.

„Já og treystum betur hver öðrum. Það eru fjórtán ár síðan hljómsveitin var stofnuð. Þannig að við erum 107 ára í hljómsveitarárum," segir Steingrímur.

Miða á tónleikana er hægt að nálgast á tix.is.

**steingerdur@frettabladid.is**



Andri Ólafsson er annar tveggja söngvara sveitarinnar og spilar einnig á bassa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Sveins Arnarssonar




## Lífið er of stutt

Lífið er of stutt fyrir vont kaffi, of stutt fyrir rauðvínssull úr neðstu hillu og of stutt fyrir bíómyndaáhorf undir 6,0 á IMDb. Það er einnig of stutt til þess að háma í sig vondan mat eða festa sig í aðstæðum sem valda ekki ánægju. Lífið er of stutt fyrir leiðinlega knattspyrnuleiki, tuð um stjórnmál og almenn leiðindi.

Sýknt og heilagt er básúnað að lífið felist í því að finna gleðina og eyða ekki tíma sínum í aðstæðum eða við daglegar gjörðir sem gera ekkert fyrir mann; sóa hinum dýrmæta tíma sem almættið hefur útdeilt til okkar. Það er nefnilega þannig að lífið er of stutt til að tileinka sér hluti sem valda ekki ánægju.

Og mörlandinn er að mestu sammála þessum samt sem áður margþreytta frasa. Merking frasans er hins vegar að einhverju leyti dýpri því í gangverki okkar vestræna samfélags er skorturinn það sem öllu máli skiptir. Við erum aðeins grunlausir og nautheimskir neytendur í leit að betra kaffi, betri mat, betra rauðvíni og skemmtilegri afþreyingu.

Þennan frasa virðast íbúar höfuðborgarsvæðisins kirja ómeðvitað innra með sér um tuttugu klukkustundir á ári. Hins vegar slokknar allhressilega á möntrunni um að lífið sé of stutt í tvær klukkustundir að morgni og aftur í tvo tíma síðdegis. Þá er í lagi að hætta lífsgæðakapphlaupinu og forheimskast í íslenskri umferðarmenningu.

Leitina að betra kaffi og betra rauðvíni má líka heimfæra á umferðarmenningu okkar Íslendinga.

Lífið er of stutt fyrir einkabílinn.










# VERÖLD HVÍLDAR

## BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Dýnur | Stillanleg rúm | Rúmföt | Sængur & koddar | Hästens | Svefnsófar | Hægindastólar | Mjúkvörur




SERTA ROYALITY




Aukahlutur á mynd: Höfuðgafl.

**VERÐDÆMI – 25% AFSLÁTTUR**
Serta Royality heilsurúm, 160 x 200 cm dýna, comfort-botn og fætur

**213.540 kr. AFMÆLISTILBOÐ**
Fullt verð: 284.720 kr.







**LOLLY SVEFNSÓFI**
Lolly er fáanlegur í ljós- og dökkgráu slitsterku áklæði. Vönduð 18 cm þykk heilsudýna í stærðinni 140 x 200 cm.

**202.425 kr. AFMÆLISTILBOÐ**
Fullt verð: 269.900 kr.

**FAXAFENI 5** Reykjavík 588 8477
**DALSBRAUT 1** Akureyri 588 1100
**SKEIÐI 1** Ísafirði 456 4566
**AFGREIÐSLUTÍMI** Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK